

UMFÍ

SKINFAXI

TÍMARIT UNGMENNAFÉLAGS ÍSLANDS
1.TBL. 113.ÁRG. 2022

Anna Ragnheiður Möller:

Eignaðist vini fyrir lífstíð hjá UMFÍ

Viðburðir UMFÍ:

Sex spennandi mót í sumar

Íþróttamannvirki á Íslandi:

Bylting í byggingu íþróttamannvirkja



www.umfi.is

sportabler



Teva 125010-2

Verkur, eymsli, þroti?

Diclofenac Teva hlaup

Til staðbundinnar meðferðar útvortis á vöðvum og liðum.

Diclofenac Teva er hlaup sem inniheldur virka efnið diklófenak. Lyfið er notað útvortis við verkjum, eymslum og þrota í liðum og vöðvum vegna bólgu. Kynnið ykkur notkunarleiðbeiningar, varnaðarorð og frábendingar áður en lyfið er notað. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. **Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is**
Markaðsleyfishafi Teva B.V. Umboðsaðili er Teva Pharma Iceland ehf.

teva



**Ótrúlegustu draumar
rætast þegar við
spilum saman**



LEIKURINN OKKAR

Hvað er íþróttahús? Samkvæmt Orðabók Menningarsjóðs er það hús sem er sérstaklega ætlað fyrir íþróttaiðkun og er það hvorugkyns nafnorð. Það segir okkur samt ekki mikið um húsinn og starfsemi innan þeirra í dag.

Á árum áður voru þessar klassísku íþróttir stundaðar innan veggja íþróttahúsa. Þetta eru auðvitað handbolti, körfubolti og sumar af frjálsu íþróttunum. En starfsemin hefur breyst talsvert í gegnum árin. Íþróttahús hafa stækkað gríðarlega og margar greinar hafa verið færðar undir eitt þak. Meira að segja knattspyrna er komin í skjól yfir vetrartímann.

Íþróttahús rúma orðið miklu meira en hefðbundið íþróttastarf. Það er ánægjulegt að sjá að starfsemi húsanna hefur þróast í samræmi við breytingar á íþróttastarfi og þarfir iðkenda hverju sinni. Vissulega tekur tíma að koma nýjum greinum undir þak með þeim klassísku. Forsvarsfólk þeirra greina sem þar eru fyrir getur staðið í vegi fyrir þróuninni, jafnvel þótt iðkendum þeirra

hafi fækkað en fjölgað á mótum í þeim jaðargreinum sem vilja komast í hlýjuna og tryggt skjól. En mörkin eyðast með tímanum og á endanum vill það oft verða að jaðargreinar verða eins og síðasta lag fyrir fréttir.

Ef vel tekst til verða íþróttahús eins konar félagsmiðstöðvar, hjarta félagsstarfs. Fátt gleður mig meira en að sjá fólk á ýmsum aldri í íþróttahúsum ræða málin og njóta þess að hreyfa sig saman. Þegar það gerist þjóna íþróttahúsin hlutverki sínu.

Það tekur tíma að gera íþróttahús að félagsmiðstöðvum. Sú þróun er árangur af áralöngu starfi þar sem íþróttafélög og sveitarfélög snúa bökum saman með það markmið að virkja sem flesta í reglubundinni hreyfingu. Leikskólastjórnendur hafa sótt í íþróttahús fyrir skipulagt starf ungra barna, börn og ungmenni sækja íþróttahúsin bæði innan og utan skólatíma og sú hefð hefur líka skapast í

mörgum sveitarfélögum að eldri borgarar sækja í íþróttahúsin til að hreyfa sig á eigin vegum eða undir leiðsögn þjálfara.

Ekki er lengur hægt að reisa íþróttahús eftir gömlu, stöðluðu ríkisteikningunum. Íþróttahús eru fyrir alla. Íþróttahús er vel heppnað þar sem starfsemin er fjölbreytt og öll hönnun og allt skipulag er í samráði við íþróttahreyfinguna og iðkendur á hverjum stað. Við megum ekki loka augunum fyrir mismunandi þörfum fólks.

Þvert á mótum þurfum við að hlusta á óskir, skoða þörfina á hverjum stað og hverjum tíma, reyna að rýna í jaðarinn og horfa með því mótum fram í tímann. Þá fyrst getum við farið að byggja.



Guðmunda Ólafsdóttir er framkvæmdastjóri Íþróttabandalags Akraness (ÍA) og situr í varastjórn UMFÍ.

Efnisyfirlit

- 6** Ánægja með fyrstu skýrsluskil í nýju kerfi
- 8** Þjargar upptökum af Landsmótum UMFÍ
- 10** Krakkarnir koma öflugri heim frá Laugarvatni
- 12** Vissi ekki að hundahlaup væri íþrótt
- 13** Íþróttaveisla UMFÍ
- 20** Ýmis íþróttamannvirki á Íslandi
- 21** Selfosshöllin slær í gegn – Sveinbjörn Másson
- 22** Mikilvægt að íþróttamannvirki séu fyrir alla – Jóhanna Íris Ingólfsdóttir
- 24** Ísfríðinga dremmir um nýtt fjölnota íþróttahús – Dagný Finnbjörnsdóttir
- 25** Garðbæingar brosa hringinn – Kári Jónsson
- 25** Ýmis íþróttahús
- 25** Stefnumótun Reykjavíkurborgar
- 26** Yngri kynslóðir hafa áhuga á jaðaríþróttum – Hilmar Ingimundarson
- 28** Mikilvægt að fatlaðir og iðkendur með sérþarfir fái tækifæri – Sólúný Pálsdóttir
- 29** Vorfundur UMFÍ
- 32** Forkólfarnir hlutu eldskrín innan raða UMSE
- 34** Tólf félög stofnuðu UMSE
- 35** Áhrifin af Covid-19
- 38** Hvernig sköpum við gott umhverfi fyrir börn innan íþróttafélaga
- 39** Bull að íþróttir séu ekki pólitískar



14 Eignaðist vini fyrir lífstíð hjá UMFÍ – Anna R. Möller



30 Gríðarlega mikið um hagræðingu úrslita í heiminum

40 Gamla myndin: Landsmótið á Húsavík 1987



20 Bylting í byggingu íþróttamannvirkja



36 Vísbendingar um aukið brottfall úr íþróttastarfi

42 Hvað á að gera við gamla bikara?

Veist þú hvað Sportabler getur gert fyrir þitt félag?



- Fullkomið skráningar- og greiðsluferfi
- Góð yfirsýn, rekjanleiki og örugg gagnasöfnun
- Tímasparnaður
- Miðlun upplýsinga

Gerum gott starf enn betra, íþróttir skipta máli



Kynntu þér málið á [Sportabler.com](https://www.sportabler.com)





Ánægja með fyrstu skýrsluskil í nýju kerfi

Nýtt skilakerfi UMFÍ og ÍSÍ var tekið í notkun í apríl. Stjórnendur íþrótt- og ungmennafélaga eru ánægðir með kerfið enda gekk vel að skila í fyrsta skipti.

„Það er auðveldara að vinna í þessu kerfi. En ég hef ekki kallað eftir upplýsingum úr því. Ég mun gera það til að fá upplýsingar í ársskýrslur. Síðan verður gott að sjá hvort iðkendum hefur fjölgað eða fækkað eftir greinum,“ segir Telma Knútsdóttir, framkvæmdastjóri Ungmennasambands Skagafjarðar (UMSS). Hún er á meðal þeirra sem hafa skilað starfsskýrslum í nýju rafrænu skilakerfi UMFÍ og ÍSÍ sem Sportabler hefur þróað. Nýja kerfið tók við af Felix, sem hafði verið notað frá árinu 2004.

Við þróun nýja kerfisins var horft til þess að með nýju kerfi yrðu skil félaganna skilvirkari og einfaldari en áður í gamla kerfinu. Framvegis munu öll félög UMFÍ skila starfsskýrslum í þessu kerfi óháð greinum, þar á meðal skákfélög og fleiri, enda mikilvægt að allir nýti

það til að sjá raunverulega stöðu íþróttahreyfingarinnar hverju sinni.

Nokkur íþrótt- og ungmennafélög hafa skilað inn skýrslum í nýja kerfinu og hefur það gengið prýðisvel þótt einstaka hnókrar hafi komið upp eins og búast má við. „Þetta er svolítil handavinna. En annars gekk það mjög vel,“ segir Telma, sem eins og margir sinnir skráningum fyrir nokkur aðildarfélög UMSS, eins og Tindastól.

Hjördís Baldursdóttir, íþróttastjóri Keflavíkur, íþrótt- og ungmennafélags, tekur undir með Telmu um kosti nýja kerfisins. Mjög gott sé að skrá í það og halda utan um upplýsingar:

„Þetta er mjög einfalt. Upplýsingarnar vistast sjálfkrafa og það er gott að vinna með það,“ segir hún og hefur ekki orðið vör við annað en að fólk sé ánægt með kerfið, enda sé það mjög notendavænt eins og skráningarkerfið Sportabler, þar sem séð er um greiðslur, innheimtu og annað utanumhald fyrir þjálfara og stjórnendur íþróttafélaga. Margir foreldrar iðkenda kannast jafnframt við kerfið enda nýta margir það til að hafa yfirlit yfir æfingar þeirra.

- Hægt er að fara inn á skilakerfi Sportabler á tveimur stöðum á vefsíðunni umfi.is. Hnappur er undir flípanum „Verkfæra-kista“ og annar undir flípanum „Hagnýtir hlekkir“.

- Hafir þú ábendingu um kerfið þá getur þú sent okkur línu á netfangið umfi@umfi.is eða hringt í þjónustumiðstöð UMFÍ í síma 568 2929.

Skinfaxi 1. tbl. 2022

Skinfaxi, tímarit Ungmennafélags Íslands, hefur komið út samfleytt síðan 1909. Tímaritið dregur nafn sitt af hestinum fljúgandi sem dró vagn goðsagnaverunnar Dags er ók um himinhvolfið í norrænum sagnaheimi.

RITSTJÓRI

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson.

ÁBYRGÐARMADUR

Jóhann Steinar Ingimundarson.

RITNEFND

Gunnar Gunnarsson, Elísabet Ásdís Kristjánsdóttir og Sigurður Óskar Jónsson.

UMBROT OG HÖNNUN

Indígó.

PRENTUN

Litróf.

AUGLÝSINGAR

Hringjum.

FORSÍÐUMYND

Ungur iðkandi hjá Klifurfélagi Reykjavíkur. Myndin er liður í umfjöllun blaðsins um íþróttamannvirki. Myndin er birt með góðfúslegu leyfi Klifurfélagsins.

LJÓSMYNDIR

Hafsteinn Snær Þorsteinsson, Tjörvi Týr Gíslason, Ívar Sæland, Gunnar Gunnarsson, Haraldur Jónsson, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, Guðmundur Karl Sigurdósson, Oscar Rybinski og ýmsir fleiri s.s. þeir sem tóku góðar myndir af félögum í Klifurfélagi Reykjavíkur.

SKRIFSTOFA UMFÍ/SKINFAXA

Þjónustumiðstöð UMFÍ, Sigtúni 42, 105 Reykjavík, s. 568 2929 umfi@umfi.is - www.umfi.is

STJÓRN UMFÍ

Jóhann Steinar Ingimundarson formaður, Gunnar Þór Gestsson varaformaður, Ragnheiður Högnadóttir meðstjórnandi og formaður framkvæmdastjórnar, Guðmundur G. Sigurbjörnsson gjaldkeri, Sigurður Óskar Jónsson ritari, Málfríður Sigurhansdóttir meðstjórnandi og Gunnar Gunnarsson meðstjórnandi.

VARASTJÓRN UMFÍ

Hallbera Eiríksdóttir, Lárus B. Lárusson, Gissur Jónsson og Guðmunda Ólafsdóttir.

UMFÍ

Ungmennafélag Íslands, landssamband ungmennafélaga á Íslandi, var stofnað á Þingvöllum 2. ágúst 1907. Sambandsaðilar UMFÍ eru 26 talsins og skiptast í 21 íþróttahérað og 5 ungmennafélög með beina aðild. Alls eru um 450 félög innan UMFÍ um land allt.

STARFSFÓLK UMFÍ

Auður Inga Þorsteinsdóttir framkvæmdastjóri, Einar Þorvaldur Eyjólfsson fjármálastjóri, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson kynningarfulltrúi og ritstjóri Skinfaxa, Ómar Bragi Stefánsson landsfulltrúi og framkvæmdastjóri Landsmóta (með aðsetur á Sauðárkróki), Ragnheiður Sigurðardóttir landsfulltrúi og verkefnastjóri, Guðbjörna Kristín Þórðardóttir ritari og Sabína Steinunn Halldórsdóttir verkefnastjóri.

Starfsfólk í Ungmennabúðum UMFÍ á Laugarvatni:

Forstöðumaður: Sigurður Guðmundsson. Frístundaleiðbeinendur og tómstundafræðingar: Þorsteinn Hauksson, Soffía Margrét Sigurbjörnsdóttir, Ingveldur Gröndal og Halldóra Kristín Unnarsdóttir. Eldhús og ræstingar: Joanna M. Winiecka. Jörgen Nilsson er í leyfi.

UNGMENNAFÉLAG ÍSLANDS
HÉRAÐSSAMBANDIÐ SKARPHÉÐINN
SVEITARFÉLAGIÐ ÁRBORG

UMFÍ

FJÖLSKYLDUHÁTÍÐ MEÐ FJÖLBREYTTUM ÍPRÓTTAGREINUM
FYRIR 11-18 ÁRA. TÓNLEIKAR OG SKEMMTUN Á KVÖLDIN.

UNGLINGA LANDSMÖT UMFÍ

SELFOSS
29.-31. JÚLÍ

ALLT UM
MÓTIÐ Á
ULM.IS





Dyr íþróttafélaga standi öllum opnar

Ráðstefnan **Farsælt samfélag fyrir alla** markaði tímamót, enda stóðu að henni þrjú ráðuneyti með fulltingi íþróttahreyfingarinnar og ýmissa félagasamtaka. Markmiðið var að auka aðgengi fatlaðra að íþróttum. Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ, flutti ávarp á ráðstefnunni.

„Hvar eru fötluðu börnin? Við þurfum að virkja fleiri formenn, stjórnir, deildir og þjálfara í lausnahugsun þegar fatlaður einstaklingur vill stunda íþróttir hjá félagi með ófötludum. Þetta er hægt,“ segir Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ.

Jóhann hélt ávarp á ráðstefnunni Farsælt samfélag fyrir alla, sem haldin var í byrjun apríl og var um margt söguleg. Að henni stóð Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið í samvinnu við Mennta- og barnamálaráðuneytið og Heilbrigðisráðuneytið. Á ráðstefnunni var leitast við að koma auga á þær áskoranir sem landsmenn standa frammi fyrir þegar kemur að jöfnum tækifærum allra barna til íþróttaiðkunar. Fulltrúar íþróttahreyfinga, sársambanda, íþróttafélaga, sveitarfélaga og fleiri komu saman á ráðstefnunni til að móta tillögur að aðgerðaráætlun um fulla þátttöku og virkni fatlaðs fólks á forsendum eigin getu. Einnig voru þar ráðherrarnir Guðmundur Ingi Guðbrandsson, Ásmundur Einar Daðason og Willum Þór Þórrson.

Mörg forvitnileg mál rædd

Ráðstefnan var gríðarlega vel sótt og mörg forvitnileg mál rædd frá ýmsum hliðum. Ætlunin er að vinna tillögurnar sem mótaðar voru á ráðstefnunni áfram og bæta samfélagið.

Ráðstefnan skiptist upp í erindi og pallborðsumræður. Jóhann Steinar var í pallborði með Þórði Árna Hjaltested, formanni Íþróttasambands fatlaðra, og Andra Stefánsyni, framkvæmdastjóra ÍSí. Málafni þeirra var að skoða tækifærin og hvað hægt væri að gera til að auka virka þátttöku fatlaðra í íþróttum.

Tryggjum að allir geti stundað íþróttir

Jóhann sagði mikilvægt að leita allra leiða til að opna dyr íþróttafélaga öllum þeim sem vildu stunda íþróttir, ekki bara ófötludum.

„Við megum ekki láta starfið og úrlausn málsins hvíla á herðum einstaklings, til dæmis þjálfara. Allir þurfa að hjálpast að,“ sagði hann og benti á að Norðmenn hefðu lagt í mikla vinnu til að tryggja víðtækt framboð íþróttafélaga þá sem á einhvern hátt glíma við fötlun. Hann tók sem dæmi að í íþróttahéraðinu Viken væri reglulega haft samband við forsvarsfólk aðildarfélaga. Vildi fatlað barn stunda íþróttir væri unnið með virkum hætti að því að finna félag í nágrenni þess.

„Norðmenn tryggja að fatlaðir hafi aðgang að íþróttum í nærumhverfi sínu. Að ekki þurfi sérstök félög fyrir fatlaða heldur æfi þeir sem þurfi aðstoð með öðrum. Við erum komin fast upp að þröskuldinum í þessum málum hér en sárafá félög eru búin að opna dyrnar og bjóða upp á sameiginlegar æfingar fatlaðra og ófatlaðra. En svo er vanda-málið kannski vanskráning fatlaðra hjá félögum. Við vitum ekki almennilega hve margir fatlaðir stunda íþróttir. Þetta þurfum við að bæta í starfsemi íþróttafélaga. Þarna þurfa aftur allir að vinna saman og tryggja að upplýsingar um stöðu mála séu aðgengilegar,“ sagði hann og bætti við að hann byndi miklar vonir við nýtt skýrsluskilakerfið sem UMFÍ og ÍSí hefðu tekið í notkun. Það markaði tímamót innan íþróttahreyfingarinnar og gerði henni kleift að sjá stöðu íþróttastarfsins um allt land með skýrari hætti en áður og tryggja að allir yrðu með í starfinu í stað þess að sitja eftir á jaðrinum.



UNGMENNAFÉLAG ÍSLANDS
UNGMENNASAMBAND KJALARNESPINGS

UMFÍ

HLUTI AF ÍÞRÓTTAVEISLU UMFÍ
OG 100 ÁRA AFMÆLI UMSK

BOÐHLAUP BYKO

KÓPAVOGI
30. JÚNÍ

ALLT UM HLAUPIÐ Á ITHROTTAVEISLA.IS

BYKO



Krakkarnir koma öflugri heim frá Laugarvatni

Umsjónarkennarar í Laugalækjarskóla nutu dvalarinnar í Ungmennabúðum UMFÍ á Laugarvatni

„Þetta var æðislegt. Við komum í Ungmennabúðir UMFÍ með næstum níutíu nemendum. Nemendurnir fengu hópeflisæfingar og styrktust mikið. En þetta var eins og á hóteli fyrir okkur kennarana. Við fengum miklu betri aðstöðu en við höfum áður fengið, gott kaffi og súkkulaði!“ segir Þórunn Sif Böðvarsdóttir, kennari í 9. bekk í Laugalækjarskóla. Hún kom í Ungmennabúðir UMFÍ síðustu vikuna fyrir páska með um níutíu nemendum ásamt þremur öðrum kennurum.

Þórunn segir utanumhaldið mjög gott. Starfsfólk Ungmennabúðanna hafi hugsað vel um börnin og samskipti við þau verið afar góð og skipulagið allt til fyrirmyndar frá fyrsta degi.

Þórunn hefur komið oft með nemendum í Ungmennabúðir UMFÍ, bæði á Laugarvatn og áður að Laugum í Sælingsdal.

Hún segir dvölin á Laugarvatni hafa verið afar ánægjulega og krakkana hafa tekið því mjög vel að vera þar án síma og tækjabúnaðar. Þau hafi haft nóg fyrir stafni og ekki haft neinn tíma til að láta sér leiðast.

„Auðvitað komu einhverjir nemendur með nammi með sér og fóru á svig við reglur. En vel var tekið á öllu og málin leyst,“ segir hún en tekur fram að verkefni á Laugarvatni hafi þétt nemendahópinn og margir tekist á við ýmsar áskoranir. Það hafi styrkt þau.

„Þetta var mikill sigur fyrir marga sem voru óöruggir við að fara að heiman. Eins og alltaf ætluðu nokkrir að vera bara tvær nætur. En svo gátu þau ekki beðið eftir næsta degi,“ segir hún.

Þórunn segir alla aðstöðu fyrir kennara hafa verið til fyrirmyndar í Ungmennabúðunum. Nemendurnir hafi haft í nægu að snúast og kennararnir aðeins þurft að hafa til kvöldkaffi, skipuleggja einhverjar kvöldvökur og ganga frá eftir morgunmat.

„Þetta var mjög gott í alla staði,“ segir Þórunn að lokum.

Vantar húsnæði fyrir námskeið?

- UMFÍ leigir út húsnæði Ungmennabúða UMFÍ á Laugarvatni utan skólamiðs á sumrin og um helgar.
- Á sumrin eru Sumarbúðir Íþróttasambands fatlaðra í Ungmennabúðum UMFÍ á Laugarvatni.
- Íþróttafélög hafa haft þar námskeið og vinnufundi.
- Í Ungmennabúðum UMFÍ er fullbúið eldhús, svefnaðstaða fyrir tugi gesta og frábær aðstaða til fundarhalda og útivistar.

Fyrir fyrirspurnir og bókanir vinsamlegast hafið samband í gegnum netfangið siggi@umfi.is eða í síma 861 3379.





ÓDÝRSTA RAFMAGNIÐ

FYRIR HEIMILIÐ

N1rafmagn.is





Vissi ekki að hundahlaup væri íþrótt

Dýrahjúkunarfræðingurinn Kolbrún Arna hefur hlaupið með husky-hundunum sínum í mörg ár. Hún segir mikilvægt að vera með rétta búnaðinn svo að bæði hundar og fólk njóti hlaupsins.

„Það myndast allt önnur tengsl á milli fólks og hunda þegar þau hlaupa saman. Ég tala nú ekki um þegar hlaupafélagarnir æfa saman að ákveðnu markmiði. Hundarnir eru svo líkir okkur, þeir finna sína vellíðunartilfinningu við hreyfingu og finnst samneytið skemmtilegt,“ segir Kolbrún Arna Sigurðardóttir, dýrahjúkunarfræðingur og dýrasjúkrapjálfari á Dýraspítalanum í Garðabæ. Kolbrún Arna hefur átt husky-hunda í næstum 20 ár og hljóp með hundunum sínum áður en hún vissi að það væri sérstök íþrótt.

Hundahlaupið (e. canicross) er ein þeirra fjögurra greina sem boðið er upp á í Íþróttaveislu UMFÍ sem fram fer í fyrsta sinn í sumar. Þetta er grein í vexti á Íslandi en stór keppnisgrein úti í heimi og er komin í hóp með þekktari víðavangshlaupum. Sleðahundaklúbbur Íslands hefur verið helsti málsvari hundahlaups hér á landi og haldið Íslandsmeistaramót árlega síðastliðin tólf ár.



Kolbrún Arna Sigurðardóttir.

Eini sjúkrapjálfari hunda á Íslandi

„Ég eignaðist fyrsta husky-hundinn minn árið 2006. Þá voru í mesta lagi hundrað husky-hundar á Íslandi. Ég fór mikið út að ganga og hlaupa með honum, bæði innanbæjar og utan vegar. Hundunum fór fljótlega að fjölga eftir þetta og samhliða því jókst áhugi fólks á dráttarsporti með hunda. Ég fann mig strax í sleðasportinu því ég hafði hlaupið með hundunum og verið mikið í íþróttum síðan í æsku, í frjálsum og knattspyrnu með Hetti á Egilsstöðum,“ segir Kolbrún Arna. Höttur er aðildarfélag Ungmenna- og íþróttasambands Austurlands (UÍA).

Hundar og kettir eru Kolbrúnu afar ofarlega í huga. Hún útskrifaðist sem stúdent frá VUC í Danmörku, fór með styrk UMFÍ í lýðháskóla á sínum yngri árum og upp úr því í framhaldsnám í dýrahjúkunarfræði við Hansborgarskóla í Kolding í Danmörku. Eftir það hélt hún áfram í sjúkrapjálfun fyrir hunda og ketti í Noregi. Hún útskrifaðist úr náminu árið 2017 og er sú eina hér á landi með þá menntun.

Hlaupurum og hundum þarf að líða vel

Kolbrún segir að um tólf ár séu síðan hún kveikti á því að fleiri en hún nytu þess að hlaupa með hundinum sínum. „Ég fór þá að kynna mér málið betur og sá að ég gat fengið betri taum og beisli fyrir hundana ásamt öðrum búnaði. Búnaðurinn skiptir miklu máli, bæði fyrir hlauparana og hundana. Ég hafði líka meðhöndlað óvenju marga hunda sem glímdu við álagsmeiðsli og lélega líkamsbeitingu. Hún skýrðist af því að þeir voru að ganga í beislum sem heftu hreyfingar þeirra eða þrýstu á þá á röngum stöðum. Fyrir nokkrum árum varð vitundarvakning í röðum hundaeigenda um að betra væri fyrir hunda að ganga með búkbeisli en hálsólar og nú er það orðið algengara,“ segir hún.

Kolbrún Arna segir hlaup sín með hundunum hafa gjörbreytt eftir að hún kynntist rétta búnaðinum og fór sjálf að nota beisli.

„Hlaupin breyttust mikið. Áður var ég með brjóstbeisli og taum án teygju eða hélt um tauminn. Eftir að ég hætti heimagerðum reddingum urðu hlaupin betri og upplifunin önnur. Nú rennum við saman í mjög gott flæði af því að við erum í alvöru að hlaupa saman,“ segir hún og bætir við að leitinn að réttum búnaði til hundahlaupa sé líkust því að finna réttu hlaupaskóna.

„Þegar hlaupara og hundi líður vel verður upplifun beggja miklu skemmtilegri,“ segir Kolbrún Arna að lokum.



Íþróttaveisla UMFÍ

Hundahlaup eða canicross er hluti af Íþróttaveislu UMFÍ og 100 ára afmæli UMSK (Ungmennasambands kjalarnesþings), sambandsaðila UMFÍ. Íþróttaveisla UMFÍ er nýjung sem fer fram sumarið 2022 frá júní og fram í byrjun september.

Í veislunni verður boðið upp á fjóra nýja og gríðarlega spennandi viðburði í fjórum þéttbýliskjörnum á sambandssvæði UMSK. Hundahlaupið er fyrsti viðburðurinn í Íþróttaveislunni.

Íþróttaveislan er fyrir alla 18 ára og eldri sem finnst gaman að hreyfa sig og njóta lífsins með öðrum. Allir geta tekið þátt í viðburðunum fjórum, sem dreifast yfir allt sumarið.

Íþróttaveisla UMFÍ samanstendur af Drullu- og hindrunarhlaupi Krónunnar í Mosfellsbæ, Boðhlaupi BYKO í Kópavogi, Hundahlaupi á Seltjarnarnesi og að síðustu Forsetahlaupi í september á Álftanesi.

Viðburðirnir

- **Boðhlaup BYKO** **fimmtudaginn 30. júní**
– við Fífuna í Kópavogi
- **Drullu- og hindrunarhlaup Krónunnar** **laugardaginn 13. ágúst**
– Íþróttamiðstöðinni Varmá í Mosfellsbæ
- **Hundahlaup** **fimmtudaginn 25. ágúst**
– Seltjarnarnesi
- **Forsetahlaup** **laugardaginn 3. september**
– Álftanesi



Takk fyrir stuðninginn





EIGNAÐIST VINI FYRIR LÍFSTÍÐ HJÁ UMFÍ

Anna Ragnheiður Möller á að baki langan feril í félagsmálum innan ungmennafélags- hreyfingarinnar. Hún kom inn í stjórn fimleikadeildar Stjórnunnar í Garðabæ sem foreldri og var um tíma formaður aðalstjórnar félagsins. Þaðan lá leiðin í Fimleikasambandið, þar sem hún var m.a. framkvæmdastjóri í tíu ár. Hún sat í stjórn UMFÍ frá 1997 til 2007 og starfaði síðan hjá Evrópu unga fólksins, sem síðar varð Erasmus+ áætlunin. Anna hefur hlotið fjölda viðurkenninga fyrir félagsmálastörf sín og var m.a. gerð að heiðursfélaga UMFÍ 2021.

Anna er innfæddur Vesturbæingur og bjó alla sína æsku á Ægisíðunni í Reykjavík. Hún á ættir að rekja í Húnavatnssýslu og Þingeyjarsýslu, en faðir hennar var aðallega Reykvíkingur.

„Ég tók aldrei þátt í íþróttum í æsku en ég studdi KR í öllu sem félagið tók sér fyrir hendur. Vinkonur mínar og skólasystur voru mest í handboltanum, en þá var handboltinn í KR öflugur. Ég var alltaf í sveit á sumrin þannig að ég hafði ekki mikinn áhuga á íþróttum þá. Ég var í sveit á Húsafelli í Hálsasveit í Borgarfirði. Ég fór þangað fyrst sex ára og var sex sumur í sveit,“ segir Anna.

Flutt í Garðabæinn

Anna stundaði nám í Verzlunarskóla Íslands og útskrifaðist þaðan með verslunarpróf 1971.

Hún flutti í Garðabæ 1978 ásamt eiginmanni sínum, Stefáni Hjaltested, og einni dóttur sem þá var fædd. Dóttir númer tvö kom í heiminn ári síðar. Fimleikadeildin í Garðabæ var stofnuð 1982. Þá var elsta dóttir Önnu í fimleikum í Ármanni en flutti sig síðan yfir í Stjórnuna.

Þrjár heimavinnandi húsmæður

Anna var spurð hvernig það hefði komið til að hún dróst inn í stjórn fimleikadeildarinnar. „Það var haustið 1985 að ein nágrannakona mín sem var þá í stjórn fimleikadeildarinnar kom að máli við okkur tvær, en

allar vorum við þá heimavinnandi, og spurði hvort við gætum ekki hjálpað sér, hún væri ein eftir því að allir aðrir væru að hætta í stjórninni. „Jú, jú, sögðum við. Við hljótum að geta hjálpað.“ Við áttum sem sagt allar dætur í fimleikum. Þannig byrjaði það.“

Ætla ekki að heita neitt í stjórninni

Anna segist eiginlega aldrei hafa verið kosin í stjórn fimleikadeildarinnar. „Á þessum tíma voru stjórnir deildanna bara skipaðar einhverju áhuga-sömu fólki. Ég sagði einmitt við þessa vinkonu mína: „Ég ætla ekki að heita neitt í þessari stjórn. Ég hef aldrei starfað í félagi, þannig að ég veit ekkert um það. Ég get hjálpað til en ég ætla ekki að heita neitt í stjórninni.“

Svo leið og beið og starfsmaður aðalstjórnar og formaður voru farnir að hringja í mig út af alls konar hlutum. Ég endaði á því að spyrja þá: Af hverju eruð þið að hringja í mig? Ég veit ekkert um þetta. Ég sagðist vera bara nýbyrjuð. Þeir sögðu að enginn vildi vera formaður og að ég héti Anna og það væri bara langbest að ég væri formaðurinn. Það var af því að ég var fremst í stafröfinu. Þannig ætlaðist það að ég var bara allt í einu orðin formaður fimleikadeildarinnar áður en ég vissi af. Ég var það síðan til 1991 en þá var ég kosin formaður aðalstjórnar Stjórnunnar.“

Bárum áhöldin út og inn fyrir og eftir æfingar

„Starfið á þessum árum gekk mest út á að reka deildina,“ segir Anna. „Við þurftum m.a. að ráða þjálfara og innheimta æfingagjöld. Ég man nú ekki alveg hve oft deildin æfði á þessum tíma, enda deildin ný og aðstaðan ekki góð, en við vorum mikið í því að bera áhöld inn og út fyrir og eftir hverja æfingu. Þetta gekk mest út á að halda utan um praktíska starfið.“

Formaður Stjórnunnar 1991

Hvernig kom það til að þú varst kosin formaður aðalstjórnar Stjórnunnar?

„Ég veit svo sem ekki af hverju það kom til. Einhver umræða hafði átt sér stað og það var ljóst að það yrði skipt um formann. Svo var bara hringt í mig og ég spurð hvort ég væri tilbúin að taka það að mér. Sem hlýtur að þýða að ég hafi staðið mig sæmilega vel í því sem ég var að gera áður. Ég var svo kosin þarna 1991 en var ekki formaður nema í þrjú ár, til 1994. Ég var önnur konan til að gegna þessu embætti. Katrín Gunnarsdóttir var fyrsti kvenformaðurinn. Það var einn formaður á milli okkar.“

Frekjudósinn í fimleikadeildinni

Hver voru helstu verkefni Stjórnunnar á þessum árum sem þú varst formaður?

„Á þessum tíma var verið að byggja við íþróttahúsið Ásgarð, sem er körfuboltasalurinn í dag. Áður var einn íþróttasalur í Ásgarði en síðan var sá hluti hússins sem var í byggingu alltaf kallaður nýi salurinn. Inn-gangurinn í sundlaugina er í dag á milli gamla og nýja salarins. Það var alltaf mikil barátta um tíma fyrir æfingar en fimleikadeildin átti að fá afnot af nýja salnum. Á þessum árum var verið að byrja að byggja fimleikagryfjur. Fimleikafélagið Björk í Hafnarfirði var fyrsta félagið sem fékk gryfju. Fyrst var rætt um hvort þessi félög gætu sameinast um gryfju, þ.e. að byggja sameiginlegt hús fyrir félögin því það væri svo stutt á milli þeirra. Það var nú ekki vilji fyrir því. Við í stjórninni fórum og fengum stuðning nokkurra öflugra félagsmanna um að þrýsta á bæjarfélagið að lengja húsið þannig að það væri hægt að setja gryfju í endann. Ég átti kannski ekki að vita af því, en á þessum tíma var ég stundum kölluð „frekjudósinn í fimleikadeildinni“. Það þurfti auðvitað að breyta ýmsu og þetta var alls ekki gryfja af bestu gerð. Hún gerði samt algerlega sitt gagn. Á þessum tíma vorum við með fimleikabjálfa af guðs náð, Guðni Sigfússon heitir hann. Hann smíðaði stökkbrautir og stökkbretti og var í því að hjálpa okkur að útbúa svampinn í gryfjunum og allt þetta. Þetta var allt mjög heimilislegt. Það var ekki lagt í verulegan kostnað við þetta,“ segir Anna.

Félagsheimilið mikil lyftistöng

Þegar Anna var formaður aðalstjórnar var töluvert verið að taka á fjármálum félagsins, eins og oft hefur verið gert. Hún segir að það hafi verið stærstu málin, þ.e. að gera tilraunir til að múlbinda deildirnar. Þær þurftu að bera allar meiriháttar fjárfestingar undir aðalstjórn. „Annað



Anna og Kristján Elvar Yngvason voru gerð að heiðursfélögum UMFÍ á sambandsþingi UMFÍ í október 2021.



Anna hóf störf hjá **Evrópu unga fólksins** árið 2007. Síðar varð verkefnið að **Erasmus+ áætluninni**. Hér er hún með Ólafi Árnasyni sem stýrði verkefninu fyrsta árið áður en Anna tók við.

sem var félagslega mjög gott var að það var byrjað á því að byggja félagsheimilið. Það var reyndar byrjað á því áður en ég tók við sem formaður. Það var mikil lyftistöng þegar félagsheimilið var risið.“


Fyrstu kynnin af UMFÍ á Landsmóttinu á Húsavík

Á formennskutímanum í fimleikadeildinni kynntist Anna starfi UMSK og þá einkum í tengslum við samstarf við Gerplu í Kópavogi. Félagin fóru t.d. á Landsmótið á Húsavík með eitt sýningarlið frá Stjórninni og Gerplu undir merkjum UMSK. Anna segir að það hafi verið sín fyrstu kynni bæði af landsmótum og UMSK. „Á þessum tíma þegar ég var í fimleikadeildinni var ég í nefnd hjá UMSK í eitt tímabil. Það stóð til að ég færi á þing UMFÍ á Húnavöllum en það kom eitthvað upp og ég komst ekki. Fyrsta UMFÍ-þingið sem ég fór á var í Kópavogi 1997 en þá var ég kosin í varastjórn UMFÍ.“

Framkvæmdastjóri Fimleikasambandsins

Anna tengdist starfi Fimleikasambandsins um árabíl og varð síðan framkvæmdastjóri þess. Hún var spurð hvernig það hefði komið til.

„Það byrjaði þegar ég var formaður fimleikaeildar Stjórnunnar, en þá tengdumst við inn í Fimleikasambandið. Á árunum 1994 til 1996 var ég í stjórn Fimleikasambandsins. Árið 1996 var fyrirséð að það yrðu breytingar á stjórn og þá var ég fengin til að taka að mér starf framkvæmdastjóra. Því starfi gegndi ég til 2007.“



Anna var framkvæmdastjóri Fimleikasambandsins 1996–2007.



Mynd frá 2013. Fv.: Helga Dagný Árnadóttir, verkefnastjóri Evrópu unga fólksins, Anna, forstöðumaður Landskrifstofu Evrópu unga fólksins, og Ragnheiður Sigurðardóttir, verkefnastjóri Æskulýðsvettvangsins.

Aukin þjónusta við félögin

Anna var eini starfsmaður Fimleikasambandsins á þessum tíma. Hún segir að þá hafi stjórnin í raun og veru verið mjög virk. Gjaldkerinn sá t.d. alfarið um allt bókhald og hélt utan um fjármálin. „Breytingin sem þessi stjórn kom inn með var að auka þjónustu við félögin. Mitt starf gekk því mikið út á að þjónusta félögin eins mikið og hægt var.“ Á þessum tíma var farið að einblína á þjálfaramenntun og byrjað á að byggja upp menntunarkerfi fyrir fimleikabjálfa. Á sama tíma var ÍSÍ að byrja með sitt bóklega nám. Mikil áhersla var lögð á að fimleikabjálfarar færu bæði í gegnum ÍSÍ-menntakerfið og svo þessi þjálfaranámskeið Fimleikasambandsins.

Öflugt ungt fólk innan FSÍ

Á þessum tíma hélt FSÍ Norðurlandmót í fimleikum, en þau róteruðust á milli landanna. „Við héldum Norðurlandmót í áhaldafimleikum og tromp sem síðar varð hópfimleikar. Við héldum kannski Norðurlandmót júniora (yngri) eitt árið og svo seniora (eldri) árið þar á eftir. Það var heilmikið umstang í kringum það. Á þessum tíma voru Smáþjóðaleikarnir haldnir á Íslandi og þá var keppt í fimleikum í fyrsta sinn. Það var mikil framkvæmd.“ Anna segir að á þessum tíma hafi verið mjög öflugt fólk innan sambandsins. „Þetta voru fyrrverandi keppendur sem nú eru orðnir fimleikabjálfarar og fimleikadómarar. Þetta fólk byggði í raun upp þjálfara- og fræðslupakka og það sem svo fylgdi. Mitt hlutverk var bara að stýðja við það eins og hægt var. Þarna var fagfólkið að stíga öflugt fram.“

Ekki níu til fimm vinna

Á þessum tíma var líka mikil vinna í kringum allt mótahald. Það voru fá fimleikamót á þessum tíma þar sem Anna mætti ekki. „Ég komst mjög fljótt að því að þetta væri ekki níu til fimm vinna. Á þessum tíma sagði ég að það væru forréttindi að fá að vinna við áhugamálið sitt. Strax þegar ég fór að vinna fyrir fimleikadeild Stjórnunnar fannst mér þetta ofboðslega gaman. Við vorum líka á þeim tíma að halda mót. Mér fannst þetta rosalega skemmtilegt. Ég man að ég hugsaði þetta þegar mér bauðst þetta starf. Ég var svolítið tvístígandi fyrst, því ég þekkti náttúrulega hreyfinguna. Ég gerði mér alveg grein fyrir að þetta yrði örugglega mikil vinna. Ég leit svolítið á þetta sem forréttindi, þ.e. að fá laun fyrir áhugamenskuna. Á þessum tíma var þólfimi að byrja þó að hún lifði ekkert óskaplega lengi. Þau sem störfuðu í tengslum við þólfimina vantaði stuðning og ég tók þau svolítið að mér. Ég hef svo fengið ómældar þakkir fyrir það. Það er gaman að hitta þetta fólk í dag sem ég hef ekki hitt lengi. Maður finnur að starfið skipti máli.“

Til starfa fyrir Evrópu unga fólksins

Árið 2007 urðu ákveðin tímamót hjá Önnu. Þá lét hún af störfum sem framkvæmdastjóri Fimleikasambandsins og hætti jafnframt í stjórn UMFÍ, en þar hafði hún þá setið í tíu ár. Á þessum tíma tók UMFÍ að

sér verkefni fyrir Menntamálaráðuneytið, en það var að hafa umsjón með æskulýðsáætlun Evrópusambandsins.

„Á þeim tíma var ég ákveðin í að skipta um vettvang og var farin að horfa í kringum mig. Ég sá alveg að tíu ár í starfi framkvæmdastjóra Fimleikasambandsins væri bara orðið bysna gott. Ég var líka ákveðin í að hætta í stjórn UMFÍ.“

Ögrandi verkefni

Anna var ráðin í starf við þetta nýja verkefni UMFÍ ásamt Ólafi Árnasyni, sem var ráðinn forstöðumaður. „Þetta var ansi töff af því að hvorugt okkar hafði nokkuð tengst þessu áður. Kerfið og skrifinnskan í kringum Evrópusambandið er náttúrulega gígantísk og þetta var því mjög ögrandi. Ráðuneytið treysti samt UMFÍ fyrir þessu verkefni,“ segir Anna. Ári síðar, 2008, hætti Ólafur og Önnu var falið að verða forstöðumaður landskrifstofunnar. „Þetta var svolítið áframhald hjá mér á því að vinna fyrir og í kringum ungt fólk. Þetta var mjög skemmtilegt, en verkefnið var hjá UMFÍ til 2017.“

Erfiðar gjaldeyrissveiflur

Anna segir að það hafi frá upphafi alveg verið ljóst að það væri mjög óvenjulegt að félagasamtök tækju að sér rekstur á svona skrifstofu því baklandið þurfi að vera öflugt. Hún bætir við að seinni árin hafi verið miklar gjaldeyrissveiflur og því komið lægðir inn í reksturinn. Það hafi UMFÍ ekki ráðið við, að bera einhvern rekstrarhalla. Áætlanir Evrópusambandsins eru sjö ára áætlanir. Fyrsta áætlunin var frá 2007 til 2013. „Á þessum tíma kom krafa frá Evrópusambandinu um að allar landskrifstofur yrðu sameinaðar, þ.e. landskrifstofur menntahluta og æskulýðshluta Evrópuáætlanna. Í einhverjum löndum var það þegar orðið þannig en það vakti miklar mótbáur hér á landi bæði hjá æskulýðshluta Menntamálaráðuneytisins og hjá okkur hjá Evrópu unga fólksins. Niðurstaðan varð sú að löndin ákvæðu sjálf hvornig þetta yrði. Okkur fannst á þeim tíma að það yrði rosaleg breyting ef við færum inn í stofnun eins og Rannís, sem þá hafði tekið yfir áætlanir menntahlutans. Ráðuneytið samþykkti þá að þetta yrði áfram rekið sem Evrópa unga fólksins. Frá 2014 breyttist nafnið í Erasmus+. Þegar frá leið og rekstrarerfiðleikar urðu verulegir vegna gjaldeyrissveiflna réð UMFÍ ekki við að sjá lengur um reksturinn og niðurstaðan varð að flytja hann yfir til Rannís, Rannsóknamiðstöðvar Íslands, sem svo varð árið 2017. Í raun varð það bara til góðs.“

Ekki nýst hreyfingunni eins og ég hélt

Anna sinnti starfinu hjá Erasmus+ áfram hjá Rannís frá 2017 þangað til í febrúar síðastliðnum er hún lét af störfum. Hvernig finnst henni Evrópuskrifstofan hafa nýst íþróttahreyfingunni í gegnum árin?

„Hún hefur alls ekki nýst hreyfingunni eins og ég hélt að hún myndi gera. Fyrir því eru nokkrar ástæður. Þetta eru allt verkefnatengdir styrkir. Þú sækir um ákveðið verkefni, hvort sem það er að fara með hóp af

UNGMENNAFÉLAG ÍSLANDS
UNGMENNASAMBAND BORGARFJARÐAR
BORGARBYGGÐ

UMFÍ

BLANDA AF ÍPRÓTTAKEPPNI, ALMENNRI
HREYFINGU OG GLEÐI FYRIR 50 ÁRA OG ELÐRI.

LANDSMÓT UMFÍ 50+

BORGARNES
24.-26. JÚNÍ

ALLT UM
MÓTIÐ Á
UMFI.IS





starfsmönnum eða ungmennum út. Kannski er það að sækja um svona styrki og halda utan um verkefnið erfitt.

Hreyfingin hefur bara ekki haft mannafla í það. Oft er meira en nóg að hafa fólk í þennan daglega rekstur. Það sem við höldum í upphafi að yrði mikil lyftistöng fyrir hreyfinguna varð ekki raunin.“

Ný íþróttaáætlun Evrópusambandsins

Anna nefnir líka íþróttaáætlun Evrópusambandsins, en sú áætlun er í dag bara fyrir stóra viðburði. Þar þurfa að vera tólf þátttökupjóðir og þar fram eftir götunum. Hún segir að það séu svo stórir viðburðir að það sé sjaldgæft. Frá og með 2023 verður breyting, en þá kemur sérstakur íþróttakafli inn sem er ætlaður fyrir þjálfara og stjórnarfólk, hvort sem það er launað eða ekki. Þar getur það sótt sér menntun og reynslu og verður hægt að sérsníða verkefni að þörfum hvers og eins en þó innan ákveðins ramma. „Það verður mjög gaman að fylgjast með því. Að visu er ekki um mjög háar upphæðir að ræða til að byrja með en það mun stigmagnast. Við höfum þó séð að þessi verkefni sem t.d. UMFÍ, HSK, UMSK og ÍBR hafa sótt um hafa skilað góðum árangri. Þar hefur fólk verið að sækja sér reynslu og sjá hvernig hlutirnir eru gerðir annars staðar. UMFÍ og ÍSÍ hafa líka sótt um verkefni saman. Núna eru þau saman með verkefni þar sem ÍSÍ er umsækjandinn og UMFÍ samstarfsaðilinn. UMFÍ hefur líka sótt um og fengið styrki frá Evrópuáætluninni vegna ráðstefnunnar „Ungt fólk og lýðræði“ sem hefur verið haldin í nokkur ár. Það sem skiptir máli þar er lýðræðisleg þátttaka ungs fólks. Það er ekki víst að þær ráðstefnur hefðu verið haldnar ef styrkir frá áætluninni hefðu ekki komið til.“

Ekki það sem grasrótin vill

Anna var kosin í stjórn UMFÍ á sambandsþingi sem haldið var í Kópavogi 1997. Hún segir að tilfinning sín sé að þá hafi verið svolítil úlfúð í hreyfingunni. Þá var að hefjast umræða um hugsanlega sameiningu ÍSÍ og UMFÍ.

„Komandi frá hreinu íþróttafélagi, Stjórnunni, fannst mér þetta í sjálfu sér ekkert vitlaus hugmynd. En ég var mjög fljót að skipta um skoðun. Ég held að það hafi verið á einum af fyrstu stjórnarfundum mínum, sem haldinn var í Varmahlíð í Skagafirði, en þar komu stjórnir félaganna á svæðinu og hittu stjórn UMFÍ. Eftir að hafa hlustað á fólkið hugsaði ég, þetta er náttúrulega bara tóm drella. Þetta er ekki það sem grasrótin vill,“ segir Anna og bætir við: „Við getum sagt sem svo að ég hafi ekki alltaf skapað mér miklar vinsældir innan UMSK af því að ég þótti þínu óþekkt. Það má segja að ég hafi farið inn með ákveðin verkefni sem ég sinnti kannski ekki eins og sumir vildu. Við fórum í alls konar vinnu og

fundaherferðir og það kom síðan berlega í ljós að sameining ÍSÍ og UMFÍ var ekki á nokkurn hátt inni í myndinni innan ungmennafélags-hreyfingarinnar. Enda flaut það svo smám saman út af borðinu.“

Gaman að taka þátt í unglingslandsmótunum

Þegar Anna er spurð hvað henni sé efst í huga frá starfinu í UMFÍ segir hún að það séu líklega unglingslandsmótin. „Það eru viðburðir sem var mjög gaman að taka þátt í. Fyrsta tenging mín við landsmótin sjálf þ.e. eftir landsmótið á Húsavík, var í gegnum fimleikana þegar mótið var haldið í Borgarnesi 1997. Síðan var það haldið á Egilsstöðum 2001 og ég kom að því sem stjórnarmaður. Á þessum tíma tengdumst við stjórnarmennirnir unglingslandsmótunum miklu meira, af því að þá vorum við gjarnan í verðlaunaafhendingum. Við vorum meira þar en á landsmótunum. Í minni stjórnartíð var tekin ákvörðun um að halda unglingslandsmótin um verslunarmannahelgina og einnig að halda þau árlega. Það var staðföst trú manna að þetta væri hægt. Það var mikil umræða um að það væri verið að storka Bakkusi, sem það var alveg. Þetta var náttúrulega gert til þess að skapa ungu fólk skemmtilegan viðburð um verslunarmannahelgina. Frá fyrsta móti hefur það alveg verið ljóst að þetta hefur tekist. Þátttaka foreldranna varð líka svo miklu meiri og það var mjög skemmtilegt að taka þátt í því öllu saman.“

Formaður NSU í tíu ár

Hvernig kom það til að þú fórst að starfa í tengslum við NSU og varðst síðar formaður samtakanna?

„UMFÍ gekk fyrir löngu í samtökin Nordisk samorganisation for ungdomsarbejde, NSU, í gegnum samstarf við DGI í Danmörku sem þá var langstærsti aðilinn. Árið 1998 var Björn B. Jónsson kosinn formaður NSU og eftir það fór ég á fyrsta fund minn sem stjórnarmaður í UMFÍ. Nokkru síðar fluttist skrifstofan til Íslands, en hún fluttist á milli landa á þeim árum. Valdimar Gunnarsson var þá starfsmaður samtakanna. Starfið gekk mikið út á leiðtogafræðslu og þess háttar. Síðan voru norrænu ungmennavikurnar sem gengu mikið út á alls konar fræðslu og þjálfun í félagsstörfum og þess háttar. Þegar Björn tók við sem formaður UMFÍ tók ég við formennsku í samtökunum. Ég gegndi því embætti í tíu ár, frá 2002 til 2012. Mér finnst hálf sorglegt hvað þátttaka UMFÍ í samtökunum er orðin lítil. Auðvitað þróast allir hlutir. Krafturinn datt reyndar svolítið úr NSU þegar DGI fór úr samtökunum. Aðildarsamtök NSU voru og eru líka mjög ólík. Þetta voru ungbændur og æskulýðssamtök mikið tengd landbúnaði og þess háttar. Samhljómurinn fannst mest í þessari leiðtogafræðslu eða þjálfuninni. Það voru haldnir á Íslandi leiðtogaskólar sem voru feikilega vel heppnaðir. Því stjórnari Valdimar og fékk með sér alls konar fólk þar inn. Það var stórt verkefni að halda utan um þessi norrænu samtök. Í bakpokann voru þetta alveg skemmtilegir tímar.“

Að rýna til gagns

Þegar þú horfir til baka, er eitthvað sérstaklega eftirminnilegt úr starfinu innan UMFÍ?

„Mér er í ferku minni og það hefur reynst mér svo vel í gegnum árin sem Þórir Jónsson, fyrrverandi formaður UMFÍ, sagði við mig. Þetta var í kringum árið 2000 í tengslum við Norræna ungmennaviku á vegum NSU sem UMFÍ hélt. Þá var Björn B. Jónsson formaður UMFÍ og markmiðið var að fá hingað tvö þúsund ungmenni. Þetta var rosaleg vinna og alls konar bras en samt mjög skemmtilegt. Ég man að ég var í hádeginu uppi á skrifstofu UMFÍ í Fellsmúla og var eitthvað að kvarta. Það var eitthvað sem gekk ekki eins og ég taldi að það ætti að gera og við höfðum fengið einhverja gagnrýni. Þá segir Þórir Jónsson þessa gullvægu setningu sem ég er búin að nota mjög oft. „Anna, ef þú snýrð orðinu gagnrýni við og horfir á að rýna til gagns. Það er bara allt annað orð.“ Hann meinti það að í allri gagnrýni eða athugasemdum geti verið eitthvað sem á kannski alveg rétt á sér. Stundum er það bara sett fram á einhvern hátt sem manni líkar ekki. Þarna gekk þetta út á að taka þetta og snúa þessu við og hugsa aðeins. Þetta hef ég nýtt mér alla tíð síðan.“

Anna kynntist Pálma Gíslasyni formanni líka vel, sérstaklega þegar þau voru að fara á NSU-mótin. „Hann gat haldið uppi heilu kvöldunum með sögum um alls konar UMFÍ-mál.“ Hún bætir síðan við: „Það sem ekki síst situr eftir í starfi innan UMFÍ er að ég hef eignast vini fyrir lífstíð.“

UNGMENNAFÉLAG ÍSLANDS
UNGMENNASAMBAND KJALARNESPINGS

UMFÍ

HLUTI AF ÍPRÓTTAVEISLU UMFÍ
OG 100 ÁRA AFMÆLI UMSK

FORSETA HLAUP

ÁLFTANESI
3. SEPTEMBER

ALLT UM HLAUPIÐ Á ITHROTTAVEISLA.IS





Bylting í byggingu íþróttamannvirkja

Íþróttamannvirki á Íslandi eru af ýmsum toga, lítil og stór.

Sumum þykir nóg um en aðrir vilja meira. En hver er staðan?

Við skoðum hér nokkra staði á landinu, ræðum við forsvarsmenn íþróttahéraða, íþróttafélaga og íþróttafulltrúa sveitarfélags.

Næstum 200 ár eru síðan fyrsta íþróttamannvirkið reis á Íslandi. Þetta var sundpollur sem varð til úr fyrirhleðslu í Laugalæknum. Síðan þá hafa þróttahús, sundlaugar og ýmis konar íþróttamannvirki af ýmsum toga litið dagsins ljós. Sum íþróttahús eru börn síns tíma, byggð af litlum efnum, eru ekki nóg stór og uppfylla ekki kröfur nútímans. Lengi hefur

verið þess krafist að ráðist verði í byggingu þjóðarleikvangs. Ekki er einhugur um slíkt. Engu að síður hafa verið stigin fyrstu skref í þá átt. En eru það rétt skref? Hvað segir forsvarsfólk í íþróttahreyfingunni og sveitarfélögum um stöðuna, hvar er hægt að gera betur og hvar er íþróttaaðstaða til fyrirmyndar?

Á hraðferð:

Ýmis íþróttamannvirki á Íslandi

1824: Sundkennsla pilta hefst í Laugalæknum, sem rann úr Þvottalaugunum til sjávar í Reykjavík. Þetta má kalla fyrstu almennilegu sundlaug landsins. Sundlaugin var þannig gerð að fyrirhleðsla var í læknum til að útbúa sundlaug eða góðan poll til að synda í.

1858: Fyrsta íþróttahús Lærða skólans (síðar Menntaskólans í Reykjavík) tekið í notkun.

1870: Sigurður Guðmundsson málari gerir uppdrátt að íþrótt- og útivistarsvæði Reykvikinga í Laugardal.

1873: Glímuvöllur Sverris Runólfssonar og félaga í Glímufélagi Reykjavíkur lítur dagsins ljós á horni Suðurgötu og Hringbrautar. Þetta reynist vera fyrsti íþróttavöllur landsins og var hann staðsettur þar sem höggmyndin Útlagar eftir Einar Jónsson stendur nú.

1884: Sundaðstaðan bætt í Laugalæknum með stofnun Sundfélags Reykjavíkur.

1896: Sportfélag Reykjavíkur stofnað. Markmið þess er að standa fyrir íþróttæfingum á Austurvelli. Fljótlega hefjast framkvæmdir við að ryðja íþróttavöll á Melunum. Það er fyrsta skref að gerð íþróttasvæðis. Íþróttavöllurinn var vígður 11. júní 1911. Fyrsta íþróttamótið þar var vikulangt íþróttamót Ungmennafélags Íslands. Sama ár var leikfimiðhúsið á Hvanneyri tekið í notkun.

1989: Íþróttahús Menntaskólans í Reykjavík tekið í notkun og eldra hús rífið. Telja má þetta ásamt fimleikahúsinu á Hvanneyri elstu íþróttahúsin sem enn eru í notkun hér á landi.

6. maí 2022: Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra, Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra, og Dagur B. Eggertsson borgarstjóri undirrita viljayfirlýsingu um byggingu þjóðarhallar í innanhússiþróttum í Laugardal. Ríki og borg tryggja fjármögnun stofnkostnaðar. Kostnaðarmat liggur ekki fyrir. Stefnt að því að framkvæmdum ljúki árið 2025.

Selfosshöllin slær í gegn

„Það hefur komið okkur á óvart hversu margir sækja í Selfosshöllina. Það er einstök ánægja með húsið og nýtingin ofboðslega góð frá morgni til kvölds,“ segir **Sveinbjörn Másson**, framkvæmdastjóri knattspyrnudeildar Ungmennafélags Selfoss. Sveinbjörn og deildin hafa umsjón með aðstöðunni á Selfossi og nýja fjölnota íþróttahúsinu sem vígt var á Selfossvelli í október í fyrra.

Húsið, sem hefur fengið nafnið Selfosshöllin, er um 6.500 m² að flatarmáli og skiptist niður í fyrirtaks æfingarsvæði fyrir frjálssar íþróttir og hálfan knattspyrnuvöll. Ýmisleg hreyfing og afþreying er möguleg í húsinu en sem dæmi hélt Árborg þar árhátíð fyrir 900 manns í vor.

Sveinbjörn segir íþróttahúsið þaulsetnara en gert hafi verið ráð fyrir.

„Menn gerðu ráð fyrir að húsið yrði notað nokkuð vel. En það er langt umfram björtustu væntingar og hefur haft mikil jákvæð áhrif á íbúa sveitarfélagsins. Húsið er með sjálfvirka opnun klukkan sex á morgnana. Þá kemur fyrsta fólk íð að hreyfa sig. Þetta er líka svo gott hús, enda fer hitinn þar inni aldrei undir 15 gráður,“ segir Sveinbjörn, sem telur að um þúsund



Sveinbjörn Másson, vellarstjóri og framkvæmdastjóri knattspyrnudeildar Umf. Selfoss.

manns komi í húsið á hverjum virkum degi.

Sveinbjörn bendir á að með tilkomu hússins hafi iðkendur á öllum aldri líka fjölgað.

Árborg er heilsueflandi samfélag og þar var ákveðið að bjóða upp á æfingar tvisvar í viku fyrir eldri borgara. Einhverjir tuttugu byrjuðu. En þegar húsið var tekið í notkun færðust æfingar inn í það. Nú eru iðkendur orðnir 120 og búið að skipta fólkinu í tvo hópa,“ segir Sveinbjörn og bætir við að sömu sögu sé að segja af mikilli fjölgun í yngri flokkum kvenna í knattspyrnu. Fjölgunin þar sé talsvert meiri en í hinum flokkunum. Til viðbótar séu opnir tímar fyrir leikskóla og dagmæður.

„Húsið nýtist afar vel og er mikil ánægja með það. Þetta er í alla staði virkilega vel heppnað mannvirki,“ segir Sveinbjörn.

Selfosshöllin er fyrsti áfangi í stórhuga framkvæmdum sem fyrirhugaðar eru á íþróttasvæðinu á Selfossi. Næstu áfangar gera ráð fyrir að Selfosshöllin verði byggð áfram á næstu árum yfir núverandi knattspyrnuvöll með búningsaðstöðu og fleiri rými inni, handboltahöll verði reist og fimleikahús auk skrifstofa.

Mikilvægt að íþróttamannvirki séu fyrir alla

Formaður Ungmennasambandsins Úlfjólts í Austur-Skaftafellsskýslu segir aðstöðuna á Hornafirði viðkvæma. Sveitarfélög þurfi að marka sér stefnu í uppbyggingu íþróttamannvirkja og eiga í virku samtali við íþróttafélög á hverjum stað til að tryggja íþróttir fyrir alla.

„Við þurfum að vanda okkur við skipulagningu og byggingu íþróttamannvirkja. Það er alltaf hættan um þetta leyti að sveitarstjórnarfolk í kosningaham fari í framkvæmdir sem ekki er þörf á eða þjóna fáum. Slík uppflaup þjóna ekki samfélaginu á neinn hátt,“ segir **Jóhanna Íris Ingólfssdóttir**, formaður Ungmennasambandsins Úlfjólts (USÚ). Sambandssvæði þess er á Hornafirði.

Jóhanna Íris segir mikilvægt að forsvarsfólk íþróttahéraða og sveitarfélaga eigi í virku samtali um það sem þjóni íbúum hvers svæðis fyrir sig best. Samtalið þurfi að vera lifandi og í samræmi við framtíðarsýn hvers sveitarfélags fyrir sig.

„Við verðum að hugsa fram í tímann í bæjarfélagi eins og á Höfn þar sem bærinn er nánast byggður á landfyllingu. Sem dæmi er kjallarinn í sundlauginni undir sjávarmáli. Hlaupabrautin okkar er í talsverðri hættu ef framkvæmdir fara af stað í kringum og á aðalvellingum,“ segir hún og bendir á að sókum þess hversu viðkvæmt allt íþróttasvæðið sé á Höfn þurfi að hugsa fram í tímann þegar komi að framkvæmdum.

„Það þarf að hugsa vel fram í tímann. Ef hróflað er við svæðinu og byggt eitt árið fer allt á flot og aftur næst þegar það er gert. Til að takmarka skemmdirnar þurfum við að samræma aðgerðir,“ segir hún og efast um að Höfn eigi einn bæja við þetta vandamál að etja.

Íþróttir eru fyrir iðkendur og íbúa

„Íþróttahreyfingin veit hverjar þarfir iðkendanna eru á hverjum tíma. En við verðum líka að horfa út fyrir boxið og hugsa til framtíðar. Það gengur ekki að hugsa sérstaklega vel um ákveðnar greinar og þeirra

framgang. Það gagnast svo fáum,“ segir Jóhanna Íris og leggur áherslu á að huga vel að því í hverju samfélagi hvernig íþróttafélag á hverjum stað geti þjónað íbúunum og iðkendunum sem best.

„Fjölnota íþróttahús og vel skipulögð svæði íþróttamannvirkja þvert á greinar þjóna samfélaginu best. Í fjölnota íþróttamannvirkjum geta iðkendur á öllum aldri komið til að æfa sig, eldri borgarar gengið á hlaupabrautum og jafnvel líkamsræktarstöðvar verið innan íþróttahúsa. Það gagnast öllum,“ segir hún og árettar mikilvægi þess að sveitarfélög marki sér stefnu í uppbyggingu íþróttamannvirkja, sérstaklega í dreifðari byggðum.

„Á litlum svæðum eins og Höfn þurfum við enn meira að því að halda að íþróttamannvirkin séu fjölnota því ekki skreppum við í næsta sveitarfélag og nýtum aðstöðuna þar. Þess vegna verðum við að galopna íþróttahúsin fyrir fleiri iðkendum og búa til sambönd þvert á deildir. Þetta er fordæmi, komið frá UMFÍ, sem hefur talað fyrir gildi samvinnu. Við í grásröttinni þurfum að tileinka okkur það,“ segir hún.

Góð íþróttastaða er aðlaðandi

Jóhanna tekur sem dæmi íþróttahúsið á Höfn í Hornafirði, sem byggt var eins og fleiri á landinu eftir ríkisteikningu. Kórufoltavöllurinn rétt rúmast inni í húsinu og er á undanþágu í fyrstu deildinni.

„Ef lið Sindra kemst í Subway-deildina er mjög ólíklegt að það fái að spila heimaleiki þar. Í staðinn þarf liðið og stuðningsfólk að aka t.d. til Egilsstaða fyrir heimaleiki sína. Aðstaðan er engin til þess að taka á móti keppendum yfir vetrartímann í öðrum íþróttagreinum, sem gerir það að verkum að ferðakostnaður fyrir félagið er gríðarlegur og kílómetrafjöldinn sem keppendur og þjálfarar þurfa að ferðast hleypur á þúsundum. Ef við værum með almennilegan heimavöll myndi það styrkja liðin og gera iðkendur stolta af aðstöðu sinni. Góð aðstaða getur líka laðað nýja íbúa í bæinn,“ segir hún.

„Ég geri mér auðvitað grein fyrir því að það geta ekki allir fengið það sem þeir vilja. En samtalið þarf að eiga sér stað svo að við gerum sem best úr því sem við höfum,“ segir formaður USÚ.



UNGMENNAFÉLAG ÍSLANDS
UNGMENNASAMBAND KJALARNESPINGS

UMFÍ

HLUTI AF ÍÞRÓTTAVEISLU UMFÍ
OG 100 ÁRA AFMÆLI UMSK

DRULLU HLAUÐ KRÓNUNNAR

MOSFELLSBÆ
13. ÁGÚST

ALLT UM HLAUÐIÐ Á ITHROTTAVEISLA.IS

KRÓNAN



Ísfirðinga dreymir um nýtt fjölnota íþróttahús



„Aðstaðan í íþróttahúsinu á Torfnesi á Ísafirði er löngu sprungin og berjast íþróttafélögin á svæðinu um tíma í húsinu. Nýtt fjölnota íþróttahús myndi léttu verulega á þessari eftirspurn,“ segir Dagný Finnbjörnsdóttir, framkvæmdastjóri HSV.

Ísafjarðarbær er fjölkjarna sveitarfélag sem varð til við sameiningu sex sveitarfélaga árið 1996. Ísafjörður er stærsti byggðakjarninn en hinir eru Þingeyri, Flateyri, Suðureyri og Hnífsdalur. Sveitarfélagið státar af fimm íþróttahúsum og fjórum sundlaugum, en slík mannvirki eru í öllum byggðakjörnum nema Hnífsdal. Í nágrennasveitarfélaginu Bolungarvík er jafnframt íþróttahús og sundlaug sem Bolvíkingar nýta vel og ekki síður nágrennar þeirra í nálægum sveitarfélögum.

Ísafjarðarbær er heilsueflandi samfélag og segir Dagný Finnbjörnsdóttir, framkvæmdastjóri HSV, að þar sé fjölbreytt íþróttastarf og aðstaður til íþróttaiðkunar á svæðinu á margan hátt góðar.

„Það verður hins vegar að segjast eins og er að við þurfum að taka okkur verulega á þegar kemur að aðstöðu og íþróttamannvirkjum á Torfnesi. Knattspyrnudeild Vestra, sem er stærst allra íþróttafélaga/deilda hér fyrir vestan og með langflesta iðkendur, hefur lengi búið við aðstaður sem eru á engan hátt boðlegar. Á Torfnesi eru tveir knattspyrnuvelli, annar minni með gervigrasi og svo grasvöllur í fullri stærð. Báðir vellirnir eru nánast ónýtir, gervigrasvöllurinn var gerður árið 2003, hefur lítið sem ekkert viðhald fengið á þeim tuttugu árum sem hann hefur verið í notkun og það er löngu komin þörf á að leggja þar nýtt gervigras. Rekja má fjölgun álagsmeiðsla beint til ástands vallarins og er þar aðallega um yngri iðkendur að ræða, þar sem völlurinn er mest notaður af þeim. Ástandið á grasvöllinum er sömuleiðis lélegt og þar er helsta vandamálið að völlurinn drenar sig ekki og þarf lítið til að hann verði ónothæfur vegna veðurs. Ástand hans er það viðkvæmt að nánast engar æfingar eru leyfðar á vellinum og einungis meistaraflakkar keppa þar, ef aðstaður leyfa. Meistaraflakkar karla æfir að öðru leyti mest í Bolungarvík.“

Gátu ekki spilað heimaleik í heimabyggð

Dagný segir skemmst að minnst þess að síðasta sumar hafi meistaraflakkar karla náð þeim frábæra árangri að komast í undanúrslit í Mjólkurbikarnum en neyðst til að spila heimaleik á KR-vellinum í Reykjavík, þar sem völlurinn á Torfnesi var ónothæfur vegna veðurs. „Þetta var mikilvægur leikur og gríðarlega svekkjandi fyrir liðið og stuðningsmenn þess að ekki reyndist unnt að spila hann heima með allri þeirri stemmningu sem því fylgir. Auk þess fylgdi því talsverður kostnaður að flytja leikinn suður, þannig að í stað þess að knattspyrnudeildin tæki þarna inn tekjur urðu þetta útgjöld upp á fimm milljónir króna fyrir deildina,“ segir Dagný.

En það er ekki bara meistaraflakkar sem glímur við aðstöðuleysi því það bitnar ekki síður á yngri iðkendum. „Krakkarnir okkar eru ekki að æfa við sömu aðstaður og jafnaldrar þeirra annars staðar. Það háir þeim og kemur í veg fyrir eðlilegar framfarir, sem þýðir einfaldlega að þau dragast aftur úr gagnvart jafnöldrum sínum.“ Á veturna æfa þau innanhúss í íþróttahúsinu á Torfnesi, sem er fyrir fullnýtt og ríflega það. Ýmsar íþróttagreinar, t.d. körfubolti, blak og handbolti, eru þar með æfingar og mikil barátta um lausa tíma. Þegar við bætast mót og leikir um helgar verður eitthvað undan að láta og eina leiðin er að fella niður æfingar.

Dagný hefur tekið saman upplýsingar um notkun á íþróttahúsinu á Ísafirði. „Hver flokkur, óháð íþróttagrein, er að jafnaði með þrjár æfingar í viku en getur gert ráð fyrir að missa a.m.k. tvær í mánuði vegna kappleikja. Frá september til desember 2021 féllu niður 142 æfingar og svipað er uppi á teningnum núna eftir áramótin. Við erum að tala um að nálægt 300 æfingar falli niður yfir vetrartímann,“ segir Dagný.

Langþráður draumur um fjölnota íþróttahús

Lengi hefur verið rætt um að reisa sérstakt hús fyrir knattspyrnuna sem gæti nýst sem fjölnota íþróttahús. Gert er ráð fyrir að stærð hússins nemi hálfum knattspyrnuvelli og er það fyrst og fremst hugsað sem æfingaaðstaða. Húsið verður á Torfnesi, þar sem ýmislegt hagræði fylgir því að hafa öll íþróttamannvirki innan sama svæðis. Að sögn Dagnýjar hefur verið samstaða innan íþróttahreyfingarinnar fyrir vestan um þörfina á þessari framkvæmd, þar sem hún nýttist ekki bara knattspyrnunni heldur líka öðrum íþróttagreinum. „Það léttir mikið á íþróttahúsinu á Torfnesi ef knattspyrnudeildin fer þar út. Það þýðir einfaldlega að aðrir íþróttagreinar fá fleiri tíma þar,“ segir Dagný.

Undanfarin ár hefur verið gert ráð fyrir byggingu íþróttahúss í fjárhagsáætlunum Ísafjarðarbæjar en ekkert orðið úr framkvæmdum þrátt fyrir að verkið hafið verið boðið út í tvígang. Draumurinn varð raunverulegri í apríl síðastliðnum þegar fulltrúar Ísafjarðarbæjar og Íþróttafélagsins Vestra skrifuðu undir viljayfirlýsingu um bygginguna langþráðu, fjölnota íþróttahús með æfingaaðstöðu innandyra. Heildarkostnaður við verkið var áætlaður á bilinu 550 til 650 milljónir króna.

En nú virðist málið strand að nýju, að minnsta kosti í bili. Í viljayfirlýsingunni var gert ráð fyrir að Vestri myndi fjármagna og reisa nýja íþróttahúsið og síðan leigja sveitarfélaginu til ákveðins tíma. Innrás Rússa í Úkraínu hefur hins vegar haft þau áhrif að verð á allri hrávöru hefur hækkað umtalsvert, auk þess sem komið er á daginn að þau lánskjör sem íþróttafélaginu bjóðast eru mun lakari en þau sem sveitarfélagið getur fengið. Þær forsendur sem lagt var upp með hafa því breyst umtalsvert þegar horft er til kostnaðar við framkvæmd og fjármögnun. Það er samt engan bilbug að finna á Dagnýju: „Staðan núna er einfaldlega sú að menn þurfa aftur að setjast yfir málið og leita nýrra leiða til að reisa þetta hús. Það er allt hægt ef viljinn er fyrir hendi og við trúum því að það eigi við um þetta mikilvæga verkefni,“ segir Dagný.



Garðbæingar brosa hringinn

Risastórt og langþráð fjölnota íþróttahús var vígt í Garðabæ í febrúar. Íþróttafulltrúinn Kári Jónsson segir að með opnun hússins aukist flóra og möguleikar í íþróttum í Garðabæ og á Álftanesi.

„Það er sama hver er spurður út í íþróttahúsið, knattspyrnuþjálfarar, styrktarþjálfarar, fólk úr lyftingadeildinni og hvaðeina. Allir eru í skýjunum með húsið og allir þjálfarar búnir að brosa út í bæði munnvík síðan það var vígt,“ segir Kári Jónsson, íþróttafulltrúi Garðabæjar, um nýja fjölnota íþróttahúsið Miðgarð sem vígt var í bænum í febrúar.

Miðgarður er með öllu samtals 18.200 fermetrar, kostaði fjóra milljarða króna og er stærsta framkvæmd sem Garðabær hefur ráðist í.

Í Miðgarði er knattspyrnuvöllur í fullri stærð sem uppfyllir kröfur KSÍ til keppni í öllum flokkum og getustigum í efstu deildum karla og kvenna. Hægt er að hólfa völlinn niður með neti sem nær frá rjáfri í fjórtán metra hæð og niður á gólf, stærsti klifurveggur landsins auk teygju- og upphitunaraðstöðu, styrktar- og æfingaaðstöðu í efsta gæðaflokki ásamt tveimur 1.500 fermetra hæðum sem á eftir að innrétta fyrir heilsutengda starfsemi. Gert er ráð fyrir að 830 manns geti verið á svölunum ofan við íþróttavöllinn. Svalirnar eru fjóra metra yfir vellinum og nægilega breiðar til að tveir geti gengið þar hlið við hlið. Þá er ótalin lyftingasalurinn, sem er búinn átta lyftingapöllum fyrir ólympískar lyftingar.

Í framtíðinni er fyrirhugað að byggja tvö íþróttahús við hlið Miðgarðs sem tengjast við húsið auk knattspyrnuleikvangs með stúkubýggingum framan við það.

Aðstaða í hæsta gæðaflokki

Kári segir ýmsar forsendur hafa verið fyrir framkvæmdinni og unnið eftir þeim í alla staði. „Forsendurnar voru að gera framúrskarandi æfingaaðstöðu fyrir íþróttafólk, sem er allt öðruvísi en keppnisaðstaðan. Hluti af því var að mæta þörfum þjálfara þegar þeir setja upp æfingar. Húsnæðið er þannig skipulagt að þegar upphitun er lokið geta þjálfarar valið um að bóka sig inn á fullkomið þrekæfingasvæðið. Þar er líka hægt að hita upp fyrir fótboltaleiki,“ segir Kári og bendir á að fólk átti sig í raun ekki á stærð og möguleikum hússins fyrr en hann hafi leitt það í gegn og sýnt því rýmin. Þá fyrst tengi fólk.

Kári er sjálfur gríðarlega hrifinn af húsinu og segir aðra verða dolfalla yfir því. Klifurveggurinn á sem dæmi engan sinn líka á landinu og er tvöfalt hærri en sá á Akranesi. Veggurinn er hannaður sem keppnis-klifurveggur og hægt að breyta klifurleiðunum. Eldri borgarar og fleiri sem vilja æfa í skjóli veðurs og vinda geta líka komið hvenær sem er dagsins í húsið og hreyft sig á svölunum.

„Húsið getur þjónað gríðarlegum fjölda fólks, 830 manns á svölunum, 200 krökkum í salnum og fjölda fólks á sama tíma í þrekæfingaryminu,“ segir hann og bætir við að Miðgarður bæði létti álaginu á öðrum íþróttahúsum og auki flórana í íþróttaiðkun í Garðabæ. Þar hafi sem dæmi ekki verið áður klifur í boði, auk þess sem lyftingaaðstaða sé í hæsta gæðaflokki. Annað eins hafi ekki sést áður.

„Húsið virkar nákvæmlega eins og við lögðum upp með enda erum við að byggja til langs tíma,“ segir Kári að lokum.

Ýmis íþróttahús

• **Íþróttafélagið Höttur** á Egilsstöðum byggði nýtt þúsund fermetra hús fyrir fimleika og frjálsar íþróttir sem var vígt í september 2020. Húsið var byggt í samvinnu við sveitarfélagið Fljótshérað. Öll framkvæmdin var eftirtektarverð því það var reist með ódýrari hætti en önnur hús og stóðust bæði kostnaðar- og tímaáætlunir. Sjálfboðaliðar stýrðu verkefninu og hlaut það Hvatningarverðlaun UMFÍ.

• **Árið 2020** samþykkti **bæjarstjórn Akureyrar** að forgangsroðun þverpólitísks hóps um uppbyggingu íþróttamannvirkja í bænum verði höfð til hliðsjónar við undirbúning langtímafráfestingaráætlunar bæjarins. Forgangslistinn telur 11 verkefni næsta áratuginn fyrir rúma 6,7 milljarða króna. Fyrstu verkefni voru uppbygging á félagssvæði Nökkva við Höpnersbryggju, félags- og æfingaaðstaða í Skautahöll Akureyrar og svo má telja áfram.

Stefnumótun Reykjavíkurborgar

Í íþróttamállum nær til ársins 2030. Þar kemur skýrt fram að nokkrar íþróttagreinar eru á hrakhólum með húsnæði. Þar á meðal eru brettafélög, klifur, júdó, taikwondo og fleiri jaðargreinar. Í skilabréfi stýrihóps um forgangsroðum við uppbyggingu íþróttamannvirkja í Reykjavík var niðurstaðan eftirfarandi:

- | | |
|-------------------------------------|--------------------------------------|
| 1. Stækkun á fimleikahúsi – Fylkir. | 10. Aðstaða fyrir jaðaríþróttir. |
| 2. Íþróttahús í Laugardal. | 11. Frjálsíþróttavöllur í Laugardal. |
| 3. Gervigrasvellir í Laugardal. | 12. Siglingaaðstaða. |
| 4. Fimleikahús – Breiðholti. | 13. Knattþús (1/2) – Valur. |
| 5. Fjölnota knattþús KR. | 14. Knattþús (1/2) – Fram. |
| 6. Skautahöll – viðbygging. | 15. Íþróttahús KR. |
| 7. Keilusalur. | 16. Víkin endurbætur. |
| 8. Fylkisvegur – endurbætur. | 17. Knattþús (1/2) – Leiknir. |
| 9. Tennishús í Laugardal. | 18. Íþróttahús – Valur. |

Yngri kynslóðir hafa áhuga á jaðaríþróttum



Mörg félög í jaðarsporti hafa verið í húsnæðisvanda um langt árabil.

Hilmar Ingimundarson hjá Klifurfélagi Reykjavíkur segir samning við Reykjavíkurborg um framtíðarhúsnæði félagsins skjóta styrkari stoðum undir reksturinn.

Klifurfélag Reykjavíkur er aðildarfélag Íþróttabandalags Reykjavíkur (ÍBR) og fagnaði 20 ára afmæli á þessu ári. Fyrsta vísi að skipulögðu starfi þess má rekja aftur til ársins 1977 með stofnun Íslenska Alpaklúbsins. Klifur var ekki fullmótað á þeim tíma sem íþróttagrein, en fyrsta keppnin í klifri var haldin á sérsmíðuðum keppnisvegg á Ítalíu um miðjan níunda áratuginn.

Fyrsta heimsmeistaramótið var svo haldið árið 1991 í Frankfurt og síðasta sumar var klifur loksins aftur viðurkennt sem keppnisgrein á Ólympíuleikunum. Mikill uppgangur var í útiklifri í lok níunda áratugarins, sem leiddi til stofnunar Sportklifurfélag Reykjavíkur árið 1994 og þremur árum síðar var fyrsta æfinga- aðstaðan opnuð í Borgartúni undir nafninu Vektor.

Klifuríþróttinni hefur síðan vaxið heldur betur ásmegin og nú er hægt að stunda klifur hjá nokkrum félögum um allt land. Klifurfélag og klifurhús eru á Akranesi, Hafnarfirði, Örfæum, Akureyri, Grundarfirði og víðar. Klifursamband Íslands var síðan samþykkt sem sársamband innan ÍSÍ á haustmánuðum 2021 eftir nokkurra ára umsóknarferli og eru þar sex félög skráð innan sex sársambanda.

Klifurfélag Reykjavíkur rekur Klifurhúsið í Ármúla 23. Rúmlega 1.400 iðkendur, eða félagar, stunda þar reglubundnar æfingar og yfir árið eru heimsóknirnar í húsið 8.000 talsins. Klifurfélagið heldur að jafnaði fimm klifurmót, bikarmót og klifurmót fyrir Reykjavík International Games.

Núverandi aðstaða er löngu sprungin og hefur verið unnið ötullega



Hilmar Ingimundarson.

að því undanfarin fjögur ár að huga að nýju framtíðarhúsnæði félagsins. Klifurhúsið hefur lent í því áður að verða húsnæðislaust og endaði starfsemi á götunni í rúmt ár þegar leigusamningi félagsins var sagt upp með skömmum fyrirvara í Skútuvogi.

„Forsvarsfólk klifurfélaga um allan heim er alltaf að horfa á eitthvert ódýrt húsnæði og endar oftast í risastórum skemmum eða húsum sem lítil afnot eru fyrir lengur. Það skýrist auðvitað af því að ný félög eru stofnuð af áhugafólki, sjálfbæðaliðum með lítið fjármagn á bak við sig. Menn eru þá yfirleitt ekki á tánum,“ segir Hilmar Ingimundarson, formaður Klifurfélags Reykjavíkur. Hann hefur vermt formannsstölinn í fimm ár. Eitt af því fyrsta sem hann fékk í arf voru húsnæðismál félagsins.

„Ný félög fara í gegnum nokkra fasa, byrja á ódýru húsnæði og enda svo í tryggara húsnæði þegar grundvöllur greinarinnar er orðinn traustur. Þegar ég kom inn í félagið fyrir fimm árum höfðu nýir eigendur keypt húsnæði sem Klifurfélagið leigir undir starfsemi Klifurhússins. Við vorum heppin með að fá góðan leigusamning til tíu ára og voru eigendurnir bundnir af honum. Við fórum síðan markvisst fyrir þremur árum að vinna með Reykjavíkurborg, ÍTR og ÍBR í að koma okkur inn í það sem má kalla fjórða fasa félagsins, varanlegt húsnæði sem hentar starfsemi og tryggir húsnæðismál félagsins til langtíma. Tókum þátt í stýrihópi vegna mótunar stefnu í íþróttamálum í Reykjavík til 2030 og forgangsröðun við uppbyggingu íþróttamannvirkja þar sem aðstaða fyrir jaðaríþróttir var á topp tíu á verkefnalistaum til næstu ára.“

Jaðarsport er lífsstíll alla ævina

Klifuríþróttin er þess eðlis að erfitt er að flytja starfsemi á milli húsa. Hilmar segir það taka 6–12 mánuði að byggja upp nýja aðstöðu, smíða vegg og ýmislegt fleira og að ekki sé hægt að tjalda til einnar nætur þegar hugað er að nýrri staðsetningu.



Stjórn Klifurfélagsins er í viðræðum við Reykjavíkurborg um mögulegar lausnir er kemur að langtímalausn. Þar hefur Toppstöðin við Rafstöðvarveg 4 í Elliðaárdal verið þungamiðjan í umræðunni og er stefnt að því að þar verði miðstöð jaðaríþróttanna í borginni.

ÍTR og Íþróttabandalag Reykjavíkur hafa unnið þetta með okkur síðastliðin tvö ár. Lendingin er í samræmi við stefnumótun Reykjavíkurborgar í íþróttamálum og þá munum við geta leigt aðstöðu í 25 ár í stað 5–10 ára áður,” segir Hilmar og bætir við að ljóst sé að klifuríþróttin, eins og aðrar jaðaríþróttir, sé komin til að vera.

„Heimurinn er að breytast og áhugasviðið líka. Ég hef stundað jaðaríþróttir alla mína tíð og tek eftir þessu. Hjólabretti voru til að mynda ekki samþykkt af fjöldanum hér á árum áður þegar við félagarnir vorum að stunda það en núna má sjá það sem eina af nýjustu og vinsælustu greinum á Ólympíuleikunum. Sama gerðist með snjóbrettin og lengi vel voru skíðagreinarnar að reyna að útiloka greinina frá stóra sviðinu. En með tímanum eykst áhuginn og almenningur kallar eftir breytingum sem eru óumflýjanlegar fyrir íþróttirnar. Tímarnir breytast og mennirnir með og það sem var vinsælt er ekki endilega ofan á í dag. Nýr forseti Ólympíusambandsins, Thomas Bach, gerði sér grein fyrir þessu og sá fyrir sér þessa breytingu, að Ólympíuleikarnir þyrftu að þróast í takt við tímann til að halda ungu kynslóðinni áhugasamri um leikana. Þess vegna náðu klifur, hjólabretti og brimbretti inn á síðustu leika. Ungmennin geta alveg æft knattspyrnu og fimleika og hvað eina til 18 aldurs en hvað tekur síðan við að barna- og unglíngastarfi loknu? Margir hafa áhuga á öðru en boltaíþróttum og þessum hefðbundnu greinum innan ÍSÍ. Þegar hugsa á um skipulag íþróttahúsa og svæða þarf að hugsa út í slíkt. Ef ekki er horft til þarfa iðkenda og fólk er ekki opið fyrir breyttu umhverfi missir það af vagninum. Iðkendur fara einfaldlega annað. Það er í fullkomnu samræmi við það að láta íþróttir ná yfir öll æviskeiðin, sem sést auðvitað best á því að 70% iðkenda okkar eru 18 ára og eldri. Fólk eins og ég finnur þarna eitthvað skemmtilegt að gera og það verður hluti af lífsstíl þess. En það sem skiptir máli er að með nýju húsnæði Klifurfélagsins til 25 ára kemst félagið og mögulega fleiri greinar í öruggt húsnæði. Það styrkir stöðir klífurs og annarra ört vaxandi jaðaríþróttagreina,” segir Hilmar Ingimundarson.



UMFÍ

HUNDA HLAUP

SELTJARNARNESI
25. ÁGÚST





Mikilvægt að fatlaðir og iðkendur með sérþarfir fái tækifæri

Það skiptir öllu máli hvernig forsvarsfólk íþróttafélaga tekur á móti iðkendum, fötluðum börnum og öðrum með sérþarfir. Ef allir eru boðnir velkomnir blómstra iðkendur, segir **Sólný Pálsdóttir**, móðir drengs sem hefur alla tíð æft með jafnöldrum sínum í Grindavík.

„Það er dýrmætt að tilheyra íþróttafélagi þar sem iðkendur og foreldrar finna að allir eru boðnir velkomnir. Það er svo mikilvægt að geta farið með barnið þitt inn í íþróttafélagið og finna fyrir jákvæðu viðhorfi. Oft er búið að ákveða fyrir fram að einstaklingar með fatlanir geti ekki spilað körfubolta eða fótbolta eða aðrar greinar með öðrum. En það er hægt og ég hef séð það með eigin augum,“ segir Sólný Pálsdóttir, móðir Hilms, 11 ára drengs með Downs-heilkenni. Hann hefur frá unga aldri æft bæði körfubolta og knattspyrnu með Grindavík, þar sem fjölskyldan er búsett.

Sólný var með erindi á vörfundum UMFÍ sem fór fram á Hótel Hamri í Borgarnesi síðasta laugardaginn í apríl. Erindið var sambærilegt því sem hún flutti á ráðstefnunni Farsælt samfélag fyrir alla.

Sólný ræddi í erindi sínu um það hvernig er að eiga barn með Downs-heilkenni og íþróttaiðkun hans. Hún sagði Ungmennafélag Grindavíkur og þjálfara félagsins til fyrirmyndar.

„Þessi strákur er svo ótrúlega heppinn að fá þjálfun. Ég sem íþróttakennari er mjög meðvitund um mikilvægi snemmtækra íhlutunar. Það á við um alla, líka fötluð börn,“ sagði hún og bendir á að þótt allir þurfi að hafa fyrir því að ná árangri í lífinu þurfi fólk með fatlanir að hafa sérstaklega mikið fyrir því. Þess vegna skipti máli hverjar undirtektirnar væru í samfélaginu.

Allir taka þátt

„Hilmir hefur haft boltaáhuga frá fæðingu. Hann þarf að fá tækifæri eins og aðrir sem hafa áhuga. Downs-heilkenni, einhverfa eða annað á ekki að útiloka neinn frá tækifærum og þátttöku,“ sagði hún og lýsti því að í Grindavík virtist það viðhorf vera ríkjandi að sjálfsgætt væri að allir væru með, að allir fengju jöfn tækifæri. Komið væri líka jafnt fram við alla þótt í sumum tilvikum þyrfti einn iðkandi meiri aðstoð en aðrir.

„Það er svo ótrúlega mikilvægt sem foreldri að finna að þú getur farið með barnið þitt á æfingu hjá íþróttafélagi, þar er tekið á móti þér og stefnt að því að ná árangri. En því miður hef ég líka séð með eigin augum að búið er að ákveða fyrir einstaklinga með fatlanir að þeir geti ekki spilað körfubolta eða fótbolta af því að viðkomandi er kannski í hjóla-



Sólný Pálsdóttir ásamt Jóhanni Steinari Ingimundarsyni formanni UMFÍ.

stól. Þær takmarkanir og hömlur eru hjá okkur sjálfum. Maður setur fyrirstöðu fyrir sig sjálfur. En við verðum að hætta því, ræða saman og hugsa í lausnum,“ sagði Sólný og bætti við hversu mjög það hryggði hana að sjá þegar börn fengju ekki tækifæri vegna stöðu sinnar.

„Ég fæ sting í hjartað þegar ég hugsa til allra þeirra með Downs-heilkenni eða aðrar fatlanir og sérþarfir sem hefðu getað náð árangri og fengið að blómstra en höfðu ekki tækifæri til þess af því að þeim var sagt að þau gætu ekki æft með ófötluðum. Við vitum hvar börn með Downs-heilkenni voru stödd fyrir fjórutíu árum. Strákurinn minn er aðeins svo heppinn að hafa fæðst árið 2011 á frábærum stað, í samfélagi þar sem hann fær að njóta sín. Þetta snýst um að hafa val og fleiri möguleika. Við getum haft áhrif og verðum að hrista upp í fólk,“ sagði hún og hvatti fulltrúa sambandsaðila UMFÍ til að tala fyrir því í sinni heimabyggð að skoða samstarf íþróttafélaga, félagsþjónustu sveitarfélaga og aðra möguleika til að fjölga tækifærum barna og ungmenna með sérþarfir til að æfa og stunda íþróttir.

„Við getum alltaf fundið leiðir!“

Vorfundur UMFÍ

fór fram í **Borgarnesi** laugardaginn 30. apríl sl. Fundurinn var vel sóttur og fóru fulltrúar sambandsaðila UMFÍ heim með gott veganesti eftir erindi og fræðslu dagsins enda mikið á dagskránni.

Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ, setti fundinn. Á eftir fylgdi erindi Ragnheiðar Högnadóttur og Sigurðar Óskars Jónssonar, sem sitja í stjórn UMFÍ, um Fræðslu- og verkefnasjóð UMFÍ. Að því loknu ræddu Jóhann Steinar og Ragnheiður Sigurðardóttir, starfsmaður UMFÍ, um stöðuna á innleiðingu stefnumótunar UMFÍ. Guðmunda Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri ÍA og stjórnarmaður í UMFÍ, ræddi við fundargesti um þælingar um íþróttahéruð og stjórnarmennirnir Guðmundur G. Sigurbergsson og Lárus B. Lárusson fræddu fundargesti um sölu á þjónustumiðstöð UMFÍ í Reykjavík og hvað taki við. Að lokum sögðu Ómar Bragi Stefánsson, framkvæmdastjóri móta UMFÍ, og Valdimar Gunnarsson, framkvæmdastjóri UMSK, frá viðburðunum í sumar.



Gríðarlega mikið um hagræðingu úrslita í heiminum

Visbendingar eru um að tilraunum til að hafa áhrif á úrslit íþróttakappleikja muni fjölga á þessu ári. Ísland er ekki undanskilið varðandi hagræðingu úrslita.

Reglulega kemur upp umræða um hagræðingu úrslita í íþróttakeppnum. Nú á vordögum kom út skýrsla á vegum Sportradar, sem rannsakaði málið og komst að þeirri niðurstöðu að úrslitum hefði verið hagrætt í 903 tilvikum í tíu greinum árið 2021. Hafa tilvikin aldrei verið fleiri, en þau komu upp í 76 löndum á síðasta ári.

Verðmæti hagræðingarinnar, þ.e. sú upphæð sem lögð var undir í veðmálum í tengslum við hagræðingu úrslita, nam 165 milljónum evra, sem jafngildir tæpum 23,7 milljörðum íslenskra króna.

Flest tilvikin áttu sér stað í knattspyrnu í neðri deildum um allan heim. Næst á eftir komu rafíþróttir og körfubolti.

Pótt um háar fjárhæðir sé að ræða jafngildir hagræðingin því að 0,5 prósentum allra knattspyrnuleikja sé hagrætt á einhvern hátt um allan heim.

Andreas Krannich, framkvæmdastjóri Sportradar, segir í aðfararorðum að skýrslunni að ljóst sé að tilraunum til að hafa áhrif á úrslit íþróttakappleikja sé að fjölga mikið. Ein af ástæðum þess sé að möguleikar

Sportradar Integrity Services var stofnað árið 2004 eftir að komið var upp um hagræðingu af hálfu dómara í þýskri knattspyrnu. Málið kom upp þegar þýski knattspyrnuómariinn Robert Hoyzer viðurkendi aðild að hagræðingu úrslita. Hoyzer var þá 25 ára gamall og þótti einn efnilegasti dómari þýskrar knattspyrnu. Hann var settur í ævilangt bann og hefur ekki dæmt leik síðastliðin 18 ár.


Hoyzer sagðist ætíð hafa verið í slagtoppi með fleirum og hafa vitneskju um sekt fjögurra dómara, fjórtán leikmanna og fleiri tengdra þýskri knattspyrnu. Þótt ekki hafi komist upp um fleiri tengda málinu sagði þýska dagblaðið Der Spiegel að rannsókn málsins benti til að úrslitum væri hagrætt víðar, svo sem í deildum atvinnumanna í Austurríki og Grikklandi.

Engar upplýsingar um Ísland

Í skýrslu Sportradar er aðeins tiltekið í hvaða íþróttgreinum hagræðing úrslita hefur greinst, í hvaða heimsálfum og ýmis önnur tölfræði, s.s. hvaða rafíþróttaleiki um ræðir og á hvaða tímabilum mesta svindlið á sér stað. Flestu tilvikin komu upp í maí, í september og október. Langfæst voru þau í janúar.

Ekki er tiltekið í hvaða löndum hagræðing úrslita og önnur tegund svindls hefur komið upp. Þegar eftir því var leitað hjá Sportradar hvort upp hefðu komið visbendingar um hagræðingu úrslita á Íslandi var vísað í samninga um þagnarskyldu við samstarfsaðila.

Stærstu (veðmála) íþróttagreinar



fólks til að veðja á íþróttaleiki hafi þróast mikið og það sé orðið mögulegt að leggja fjármagn undir kappleiki eftir mörgum leiðum. Því miður séu miklar líkur á að fleiri tilraunir verði gerðar til að hafa áhrif á úrslit leikja á þessu ári en því síðasta. Þeir sem vilji hagræða úrslitum leiti allra mögulegra leiða til að gera það og kappkosti að vera nokkrum skrefum á undan öðrum. Þess vegna verði eftirlitsaðilar að vera stanslaust á tánum, sérstaklega nú þegar tilraunir til svindls og visbendingar um slíkt hafi aldrei verið fleiri. Krannich hvetur stjórnendur íþróttafélaga og aðra sem hafa tengsl við íþróttir og félög þeirra til að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að koma í veg fyrir að óheiðarlegir einstaklingar hafi áhrif á íþróttir, hvaða nafni sem þær nefnast.

Nokkrar leiðir í svindli

- Að stofna til vináttu við leikmenn. Leikmaður vill síður að vinir sínir tapi á leikjum sem þeir hafa veðjað á.
- Að freista leikmanna, svo sem að lofa viðkomandi nýjum síma ef hann brenni af í víti, eða styðja fjárhagslega við fjölskyldur leikmanna.
- Þar sem hægt er að veðja á fjölda innkasta, gul spjöld og atriði sem ekki hafa bein áhrif á úrslit leiksins eykst freistnivandinn.
- Lið fær fjárstuðning frá fjársterkum einstaklingi.
- Að koma með leikmenn/þjálfara inn í liðið, ná árangri fyrst en tapa svo óvænt stórt.
- Mútur til þjálfara eða leikmanna. Um leið og það gerist er viðkomandi fastur í netinu.
- Fyrir nokkrum árum var komið að máli við leikmann í einu af yngri landsliðunum og hann beðinn um að brenna af fyrsta vítinu. Hann varð steinhissa og neitaði.
- Dæmi eru um að fjárhættuspilarar sendi framkvæmdastjórum og formönnum dulda hótun tapist leikur þeim í óhag.



Skipulögð glæpasamtök tengjast íþróttum

„Það er ekki spurning um hvort heldur frekar hvenær úrslitum verður hagrætt í íþróttaleikjum á Íslandi. Veltan er orðin gríðarleg í veðmálum á íþróttaleiki og mikið er undir. Skipulögð glæpasamtök eru að færa sig yfir í íþróttimar. Við í íþróttahreyfingunni verðum því að vera vel á verði því margir telja hagræðingu úrslita vera stærstu ógn sem stöðjar að íþróttahreyfingunni um þessar mundir,“ segir Pétur Hrafn Sigurðsson hjá Íslenskri getspá og Getraunum. Hann var með erindi um málið á Stefnumóti UMFÍ á Hótel Geysi fyrir ári.



Pétur Hrafn Sigurðsson.

Pétur sagði þar veltu á erlendum veðmálasiðum á íslenska knattspyrnuleiki hafa aukist gríðarlega á síðastliðnum árum og gæti hún nú numið 1,5–2 milljörðum króna á dag. Hluti aukningarinnar fælist í því að íslensk knattspyrna væri leikin að sumri þegar flestar erlendar deildir væru í fríi og oft væri leikið á mánudögum hér á landi þegar framboð væri lítið af leikjum í öðrum löndum.

„Menn halda kannski að fólk í öðrum löndum tippi ekki á íslenska knattspyrnuleiki. En það er fjarri sanni,“ sagði hann og hvatti með sama hætti og framkvæmdastjóri Sportradar alla sem málið varða til að leggja á eitt og koma í veg fyrir svindl. Íþróttahreyfingin léki lykilhlutverk með öflugri fræðslu til íþróttafólks, dómara og forystufólks í hreyfingunni. Íþróttahreyfingin hefði tekið við sér en stjórnvöld drægu lappinar.

„Stjórnvöld hafa ekki fylgt eftir lögum og reglugerðum til að koma í veg fyrir að erlend veðmálafyrirtæki starfi hér á landi sem ekki hafa til þess heimild og sem leggja ekkert til samfélagsins, greiða enga skatta. Þau hafa til þess margvíslega möguleika en því miður hefur ekkert verið gert, þrátt fyrir mikinn þrýsting frá forystusamtökum íþróttahreyfingarinnar, UMFÍ og ÍSí. Með því að koma í veg fyrir að Íslendingar geti tippað hjá ólöglegum erlendum veðmálafyrirtækjum geta stjórnvöld minnkað stórflega líkurnar á hagræðingu úrslita í íþróttum á Íslandi.“

Enn beðið viðbragða frá Íslandi

Mennta- og menningarmálaráðuneytið gaf út skýrslu um málið í janúar árið 2018. Í skýrslunni kemur fram að vandi íþróttahreyfingarinnar sé m.a. sá að skortur sé á settum reglum innan hennar, sem geri það refsivert að íþróttamenn hagræði úrslitum eða hafi óeðlileg áhrif á kappleiki.

Fimmán Evrópuþjóðir samþykktu samning til að taka á hagræðingu úrslita í íþróttum árið 2014 og hafa 30 þjóðir nú gert það. Ísland undirritaði samninginn í nóvember 2014 en hafði árið 2018 ekki fullgilt hann. Fram kom árið 2018 að unnið væri að því. Fyrsta skrefið hefði verið að skipa starfshóp árið 2015 sem myndi leggja fram tillögur að því hvað gera þyrfti til að samningnum væri best framfylgt hér á landi. Tillögurnar litu dagsins ljós árið 2018. Síðan þá hefur lítið gerst.

Starfshópurinn lagði fram 10 tillögur sem miða að því að vinna gegn hagræðingu úrslita í íþróttum. En lítið hefur gerst síðan þá.

Greinar með grunsamleg úrslit (fjöldi grunsamlegra leika)



Sjá: **Hagræðing úrslita í íþróttakeppnum: Alþjóðasamningur Evrópuráðsins um hagræðingu úrslita í íþróttakeppnum. Skýrsla og tillögur starfshóps um innlent og alþjóðlegt samstarf.**



Þátttakendur og leiðbeinendur frá UMFÍ á félagsmálanámskeiði í Svarfaðardal vorið 1976.

Forkólfarnir hlutu eldskírn innan raða UMSE

Ungmennasamband Eyjafjarðar er einn þeirra sambandsaðila UMFÍ sem fagna 100 ára afmæli á árinu. Svarfdælingurinn **Óskar Þór Halldórsson** ritar sögu félagsins. Hann segir mikilvægt að hún verði lesvæn og skemmtileg.

„Saga Ungmennasambands Eyjafjarðar er mjög tvinnuð saman við sögu þjóðlífs í Eyjafirði síðastliðin hundrað ár. Hún er stórmerkileg, enda alls ekki sjálfgefið að ungmennasambönd nái þetta háum aldri,“ segir fjölmiðlamaðurinn Óskar Þór Halldórsson, sem vinnur að ritun sögu UMSE. Söguritið kemur út í tengslum við aldarafmæli sambandsins í apríl. Um er að ræða um tvö hundruð blaðsíðna litríka og vel myndskreytta sögu í tímaritaformi.

Óskar segir sögu UMSE afar spennandi og litríka og því hafi hann heillast af verkefninu þegar það var kynnt fyrir honum á sínum tíma.

„Það var margt að gerast og breytast í þjóðfélaginu alveg frá fyrri hluta aldarinnar og fram yfir miðja öldina. Ungmennafélagar voru eldhugar sem stóðu í framvarðarsveitinni fyrir ungmennasambandið og ungmennafélagshreyfinguna og létu líka mjög að sér kveða í félagsmálum á sambandssvæðinu, í búnaðarsambandinu, öðrum störfum og meira að segja á Alþingi,“ heldur hann áfram. „Ungmennafélagshreyfingin stóð sig afskaplega vel í félagslegu uppeldi. Forkólfarnir hlutu eldskírn sína innan raða sambandsins og ungmennafélagshreyfingarinnar. Félögin tóku auðvitað virkan þátt í samfélagsumræðunni og ályktuðu um öll heimsins mál og ýmis þjóðmál, sum eldfim. Eins og um það hvort hér ætti að vera her í seinni heimsstyrjöldinni. Fólki skiptist auðvitað í fylkingar. En þetta heyrir nú sögunni til og áherslur eru orðnar skýrari og skarpari. En vitneskjuna um söguna verður engu að síður að vernda svo að hún gleymist ekki,“ segir hann.

Söguformið heillar

Óskar ákvað snemma í ritunarferlinu að skrifa sögu UMSE með öðrum hætti en almennt þekkt og gefa hana út á aðgengilegu formi fyrir sem flesta. Í ritinu er mikill fjöldi mynda úr sögu sambandsins. Vel gekk að nálgast myndir og var fólk velviljað þegar Óskar falaðist eftir því að fá að glugga í albúm. Hann notar sem dæmi margar myndir úr safni Þór-odds heitins Jóhannssonar, sem var um tíma formaður og framkvæmdastjóri UMSE.

„Hann var mjög duglegur að taka myndir af viðburðum UMSE á sjöunda og áttunda áratugnum og hélt vel utan um safnið. Það er algjörlega ómetanlegt að fá aðgang að því,“ segir Óskar og tekur sem dæmi að í safninu séu gríðarlega flottar liðsmýndir af ungunum fótboltamönnum í aðildarfélagum UMSE á áttunda áratug síðustu aldar. Strákarnir hafi verið á aldrinum 15–20 ára á þeim tíma en standi líklega flestir við sjötugt í dag.



Frjálisþróttamenn sem störfuðu í lögreglunni. F.v.: Sigurður Matthíasson, Aðalsteinn Bernharðsson og Einar Vilhjálmsson.



Björgvin Björgvinsson í stórsvigi í alpagreinum í Val d'Isere í Frakklandi árið 2009.

„Þeir hafa kannski séð myndirnar á sínum tíma. En þær hafa ekki verið sýndar opinberlega og fáir hafa séð þær síðan þær voru framkallaðar,” segir hann og bætir við að þótt vissulega hafi hann skoðað frumheimildir sambandsins byggji hann söguna ekki á þeim og fundargerðum við söguritunina nema að litlu leyti. Þess í stað er saga UMSE rakin með ógrynni viðtala við fólk sem hefur tengst UMSE með einum eða öðrum hætti, fyrrverandi stjórnarfolk og íþróttafólk sem gerði það gott undir merkjum sambandsins og aðildarfélaga á sambandssvæðinu. Þar á meðal eru skíðakappinn Björgvin Björgvinsson, frjálslíðtakonan Snjólaug Vilhelmsdóttir, sem búsett er í Þýskalandi, og margir fleiri.

„Ég einfaldlega valdi það sem var áhugaverðast í sögu UMSE frá upphafi og skrifaði greinar um eitt og annað sem tengist henni síðastliðin hundrað ár. Þetta er ekki í tímaröð. En auk þess er margt forvitnilegt og gagnlegt í sögunni. Þar á meðal er þar á einum stað stjórnarmannatal og listi yfir allar varastjórnir síðastliðin 100 ár ásamt afreka-

skrá í frjálsum íþróttum. Þetta er því bæði áhugavert og skemmtilegt og gagnleg söguritun. Tímaritaformið hentar mjög vel til þess, auk þess sem sagan verður líflægri á allan hátt. Ég tel það hvetja til lesturs og ná mögulega langt út fyrir raðir lestrarhesta og unnendur almennra sagnfræðirita,” segir Óskar, sagnaritari UMSE.

Verkefnastjóri Landsmóts UMFÍ 2009 úr Svarfaðardal

Óskar er Svarfdælingur og var í félaginu Þorsteini Svöfurði á yngri árum. „Ég keppti í skólasundi og spilaði knattspyrnu undir merkjum félagsins á héraðsmótum en hef að öðru leyti ekki verið virkur í starfi félagsins eða íþróttum yfir höfuð. En ég þekki sambandið vel og svæðið allt eftir störf mín í blaðamennsku til fjölda ára. Félögin marka djúp spor í hverri sveit og auðvitað þekki ég persónulega marga sem hafa komið við sögu UMSE því þau tengjast sögu Eyjafjarðar,” segir hann.



Óskar Þór Halldórsson.

Ungmennasamband Eyjafjarðar hefur komið að framkvæmd þriggja Landsmóta UMFÍ í gegnum tíðina og er umfjöllun um hvert þeirra í sögu Óskars. Þetta eru mótin árin 1955, 1981 og það síðasta sem var árið 2009. En ofsögum er reyndar sagt að hann hafi ekkert tengst starfi UMSE á fullorðinsárum. Þegar Landsmót UMFÍ var haldið á Akureyri var leitað til Óskars og var hann verkefnastjóri mótsins með Ómari Braga Stefánssyni, framkvæmdastjóra mótsins.



Keppendur frá UMSE við setningu á Unglingalandsmóti UMFÍ.

Tólf félög stofnuðu Ungmennasamband Eyjafjarðar

Árið 1997, í tilefni 90 ára afmælis síns, gaf UMFÍ út ritið *Félagatal ungmenna- og íþróttafélaga sem stofnuð voru 1854–1994*. Höfundur ritsins var Þorsteinn Einarsson, fyrrverandi íþróttafulltrúi ríkisins. Í ritinu eru upplýsingar um öll íþrótt- og ungmennafélög og samtök þeirra sem stofnuð voru á þessu 140 ára tímabili.

Í ritinu er m.a. sagt frá stofnun UMSE. Þar segir: „Á seinnihluta sambandsþings UMFÍ 1908, sem haldinn var í Reykjavík, var félagunum skipt milli fjórðungssambanda. Ungmennafélögin við Eyjafjörð voru í Fjórðungssambandi Norðurlands. Fljótt kom í ljós að fjórðungssvæðin voru of stór, til þess að samstarf væri virkt, svo samtök urðu til milli félaga á smærri svæðum. Við Eyjafjörð varð til 1917 félagið Kynning, sem að stóðu Umf. Skriðuhrepps, Umf. Möðruvallasóknar og Umf. Öxndæla: „...til þess að kynna félagsskapinn...“. Inn í þetta samstarf gekk 1918 Umf. Vorhvöt, Glæsibæjarhreppi. Félagið Kynning starfaði fram yfir stofnun Ungmennasambands Eyjafjarðar 08. 04. 1922. Sambandssvæði UMSE náði frá Fljótum, Skagafirði, um Siglufjörð, Ólafsfjörð, Eyjafjarðarsýslu, Akureyri, Svalbarðsstrand- og Grítubakkahreppa í Suður-Þingeyjarsýslu. Stofnfélögin voru: Umf. Árróðinn, Öngulsstaðahrepps, Umf. Vorboðinn, Saurbæjarhrepps, Umf. Svarfðælahrepps, Umf. Ólafsfjarðar, Umf. Haganesvíkur í Fljótum,



Umf. Siglufjarðar, Umf Akureyrar og Umf. Dagsbrún, Grýtubakkahrepps (alls 12 félög). UMSE sagði sig úr UMFÍ 1934 en gekk inn í það aftur 1939. Óstaðsett Skotfélag Eyjafjarðar, var sameinað 1993 Skotfélagi Akureyrar, sem starfar í tveikur deildum Íþróttadeild og Skotveiðideild.“

Aldur, afmælis dagar og stofnár sambandsaðila UMFÍ

112 ára Ungmennasamband Skagafjarðar (UMSS), 17. apríl 1910
112 ára Héraðssambandið Skarphéðinn (HSK), 14. maí 1910
110 ára Ungmennasamband Austur-Húnavtinga (USAH), 30. mars 1912
110 ára Ungmennasamband Borgarfjarðar (UMSB), 26. apríl 1912
108 ára Héraðssamband Þingeyinga (HSP), 31. október 1914
104 ára Ungmennasamband Dalamanna og Norður-Breiðfirðinga (UDN), 24. maí 1918
100 ára Ungmennasamband Eyjafjarðar (UMSE), 8. apríl 1922
100 ára Héraðssamband Snæfellsness- og Hnappadalssýslu (HSH), 24. september 1922
100 ára Ungmennasamband Kjalarnesþings (UMSK), 19. nóvember 1922
93 ára Keflavík íþrótt- og ungmennafélag (Keflavík), 29. september 1929
93 ára Ungmennasambandið Úlfjótur (USÚ), 29. sept. 1929
91 árs Ungmennasamband Vestur-Húnavtinga (USVH), 28. júní 1931

90 ára Ungmennafélagið Próttur Vogum, 23. október 1932
87 ára Ungmennafélag Grindavíkur (UMFG), 3. febrúar 1935
81 árs Ungmenna- og íþróttasamband Austurlands (UÍA), 28. júní 1941
78 ára Ungmennafélag Njarðvíkur (UMFN), 10. apríl 1944
78 ára Íþróttabandalag Reykjavíkur (ÍBR), 31. ágúst 1944
78 ára Héraðssamband Strandamanna (HSS), 19. nóv. 1944
78 ára Íþróttabandalag Akureyrar (ÍBA), 20. desember 1944
76 ára Íþróttabandalag Akraness (ÍA), 3. febrúar 1946
52 ára Ungmennasamband Vestur-Skaftafellssýslu (USVS), 21. júní 1970
51 árs Héraðssambandið Hrafna-Flóki, febrúar 1971
40 ára Héraðssamband Bolungarvíkur (HSB), 15. des. 1982
35 ára Ungmennafélagið Vesturhlíð (UV), 27. maí 1987
22 ára Héraðssamband Vestfirðinga (HSV), 30. apríl 2000
13 ára Ungmenna- og íþróttasamband Fjallabyggðar (UÍF), 25. maí 2009

Takk fyrir stuðninginn



COVID-19

Áhrifin frá desember 2021 til mars 2022

Kórónuveirufaraldurinn setti mark sitt á líf okkar Íslendinga í rúm tvö ár. Útlit var fyrir að öllum takmörkunum yrði aflétt síðasta sumar en þá kom bakslag. Frá áramótum var þróunin í jákvæða átt og í lok febrúar var loks öllum takmörkunum aflétt. UMFÍ hefur frá upphafi faraldursins tekið saman helstu þætti sem einkennt hafa aðgerðir í samfélaginu. Hér er sýnd þróun mála frá desember 2021 til apríl 2022.

21. des 2021

Sóttvarnaaðgerðir hertar á ný vegna fjölgunar smita. Fjöldatakmörkanir miðast við 20 manns og eru börn ekki undanþegin fjöldatakmörkunum. Tveggja metra nándarregla tekin upp á ný. Hvatt til fjarvinnu á vinnustöðum. Reglurnar skyldu taka gildi á Þorláksmessu og vara næstu þrjár vikurnar.

22. des 2021

Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra, fundar með lykilaðilum í íþrótt- og æskulýðshreyfingunni vegna hertra aðgerða til að hefta útbreiðslu faraldursins. Rætt var um áhrifin af völdum aðgerða yfirvalda. Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ, og Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, kynningarfulltrúi UMFÍ og ritstjóri Skinfaxa, voru þátttakendur á fundinum fyrir hönd UMFÍ.

Ákveðið að tillögu sóttvarnalæknis að framlengja samkomutakmörkunum innanlands um þrjár vikur, eða til 2. febrúar 2022.

11. jan 2022

14. jan 2022

Hert er á aðgerðum. Almennar samkomutakmörkanir fara í tíu úr tuttugu og áfram tveggja metra nálægðarmörk ásamt grímuskyldu. Íþróttakeppnir heimilar áfram með 50 þátttakendum en án áhorfenda. Sundstaðir og líkamsræktarstöðvar opin en aðeins með heimild um 50 prósent af leyfilegum hámarksfjölda. Lokunarstyrkir bjóðast þeim sem loka starfsemi.

21. jan 2022

Ákveðið er að hefja undirbúning fyrir Landsmót UMFÍ 50+ sumarið 2022. „Undirbúningur er í fullum gangi í þriðja sinn enda hillir undir að nú verði loksins hægt verði að halda Landsmót UMFÍ 50+“, segir Flemming Jessen, formaður framkvæmdanefndar mótsins í Borgarnesi. Mótið verður haldið í Borgarnesi dagana 24.–26. júní.

Einstaklingar útsettir fyrir Covid-19 utan heimilis eða á dvalarstað þurfa ekki lengur að fara í sóttkví. Þeir þurfa þess í stað að viðhafa smitgát.

28. jan 2022

Slakað á aðgerðum. Fjöldatakmörkanir fara úr 10 manns í 50, nándarregla verður einn metri og íþróttakeppnir verða leyfðar með áhorfendum.

Tilkynnt er að Unglingalandsmót UMFÍ fari fram að öllu óbreyttu sumarið 2022.

„Unglingalandsmót UMFÍ er komið aftur á dagskrá. Það er auðvitað mikið lagt á sjálfbodaliða að undirbúa það í fjögur ár. En það er enginn bilbugur á okkur. Nú er þriðja atlagan til að halda mótið hafin og enginn hefur skorast undan“, segir Þórir Haraldsson, formaður framkvæmdanefndar Unglingalandsmóts UMFÍ.

11. feb 2022

Willum Þór Þórsson, heilbrigðisráðherra, tilkynnir frekari tilslakanir á sóttvarnaaðgerðum. Fjöldatakmörkanir fara úr 50 manns í 200 innandyra og takmörkun á skólastarfi fellur niður. Reglugerðin tók gildi á miðnætti 12. febrúar 2022. Breytingarnar varða starf íþrótt- og ungmennafélaga auk skólastarfs en þær reglur ná m.a. til Ungmennabúða UMFÍ á Laugarvatni.

25. jan 2022

4. feb 2022

Ríkisstjórn ákveður að aflétta öllum sóttvarnatakmörkunum frá miðnætti aðfaranótt

23. feb 2022

Grímuskylða og nándar- takmörkanir eru fyrir bí. „Það eru tímamót“, sagði Willum Þór Þórsson heilbrigðisráðherra þegar hann tilkynnti afléttingarnar að loknum ríkisstjórnarfundum í dag. Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra sagði afléttingar á landamærum í takti við tilmæli sóttvarnalæknis. Full samstaða var um afléttingarnar í ríkisstjórn. „Við erum að endurheimta eðlilegt líf“, sagði Katrín.

13. apr 2022

Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra, tilkynnir að íþróttahreyfingin fái 500 milljóna króna fjárframlag frá stjórnvöldum sem mótvægisáðgerð gegn tekjutapi af völdum heimsfaraldurs. „Með þessum aðgerðum sýna stjórnvöld eindreginn vilja til að halda íþróttastarfinu gangandi, stóru jafnt sem smáu, með þeim jákvæðu áhrifum sem það hefur á allt samfélagið“, sagði Ásmundur.



Vísbendingar um aukið brottfall úr íþróttastarfi



Forsvarsfólk aðildarfélaganna UMFÍ hefur áhyggjur af brottfalli barna og ungmenna úr íþróttastarfi. Covid-faraldurinn á stóran hluta að máli en fleira er talið bætast við sem skýri brottfallið. Álag hefur aukist á nemendum í framhaldsskólum, áhugamálin breytast og síðan hefur þrýstingur frá vinum sem æfa með öðrum áhrif.

Of mikið álag á framhaldsskólanema

„Við höfum misst töluvert af iðkendum úr aðildarfélagum okkar. Það verður ekki auðvelt að ná þeim til baka og gæti tekið einhver ár,“ segir Sigurður Eiríksson, formaður Ungmennasambands Eyjafjarðar (UMSE). Hann viðraði á ársþingi sambandsins í vor áhyggjur af brottfalli hjá aðildarfélagum af völdum Covid-faraldursins.

„Það versta er að iðkendurnir eru ekki að fara neitt annað. Þeir bara detta út og hafa ekki skilað sér aftur eftir að íþróttastarfið komst í gang á ný. Við erum auðvitað ekki ein um þetta,“ segir hann.

Sigurður telur nokkrar ástæður fyrir brottfallinu. Í fyrsta lagi hafi Covid-faraldurinn og neikvæð áhrif hans á íþróttastarf valdið því að iðkendur hafi hætt æfingum sínum. Til viðbótar því hafi mörg ungmenni þurft að hætta íþróttaiðkun vegna álags í kjölfar styttingar framhaldsskólanáms.

„Þegar álagið er mikið á nemendur lít ég þannig á styttinguna úr fjór-um árum í þrjú að verið sé að kippa krökkunum úr íþróttum. Þeir verða af svo miklu vegna álagsins í skólanum, það er mjög slæmt. Fólk er mikið fyrir framan tölvur. En með styttingu skólans þurfa krakkarnir að einbeita sér vel að náminu og verja löngum tíma fyrir framan skjá. Þeir verða af miklum félagslegum tengslum og því er það sannfæring mín að við munum sitja uppi með verra samfélag en það sem fyrir var,“ segir hann og mælir með því að nemendur í framhaldsskóla nýti sér fremur fjölbrautakerfið en bekkjakerfið.

Sigurður telur það geta breytt miklu að veita ungmennum að 18 ára aldri styrk til íþróttaiðkunar með sama hætti og þau sem yngri eru.

„Þetta eru tekjulausir krakkar og því getur það verið þeim dýrt að stunda íþróttir þegar styrkina skortir,“ segir hann að lokum.



Sigurður Eiríksson.

Kostnaður við íþróttaiðkun ungmenna hækkar með aldri

„Við sjáum það í gögnum okkar að brottfall úr iðkun í íþróttastarfi er mjög tengd efnahagslegri stöðu fjölskyldunnar,“ segir Ársæll Már Arnarson, prófessor á mennta- vísindasviði Háskóla Íslands. Hann fjallaði meðal annars um brottfall barna og ungmenna úr íþróttastarfi á ráðstefnunni Íslenskar æskulýðsrannsóknir, sem haldin var í lok mars. Aðalumræðuefni Ársæls var engu að síður nýtt fyrirkomulag æskulýðsrannsókna hér á landi, en þær munu taka við af Rannsóknnum og greiningu.

Ársæll árettar að líkur á brottfalli ungmenna úr íþróttum aukist eftir því sem þau eldist. Þá verði íþróttabátttakan líka dýrari en þátttaka þeirra sem yngri eru, auk þess sem ýmis konar stuðningur á borð við frístundastyrki falli niður. Allt fari það þó eftir skilgreiningu hvers sveitarfélags á því hver séu efri mörk frístundastyrkjanna.

En stuðningur sveitarfélaga skiptir ekki öllu máli því stuðningur foreldra og fjölskyldu vegur þungt.

„Allt verður dýrara þegar maður eldist og æfingagjöldin hækka. En síðan er það allt hitt, baklandið og foreldrarir. Þeir verða að hafa tök á að taka þátt í fjársöfnun með börnunum, selt klósettpappír á hverju einasta ári og svo má lengi telja. Börnin verða líka að vita til hverra þau geta leitað. Það geta ekki allir,“ segir Ársæll Már Arnarson.



Ársæll Már Arnarson.

Pegar iðkendur leita annað

„Við höfum áhyggjur af stöðunni í barnastarfinu. Iðkendum hefur verið að fækka, samsetning íbúanna í sveitarfélaginu að breytast og eldri iðkendur farnir að æfa annars staðar,“ segir Petra Ruth Rúnarsdóttir, formaður Próttar Vogum. Upplýsingar um þróunina hafa ekki formlega verið teknar saman og leggur Petra áherslu á að um tilfinningu stjórnar Próttar sé að ræða.

Á stjórnarfundum Próttar í mars var rætt um vísbendingar um að iðkendum hefði fækkað hjá félaginu. Petra segir að hægt sé að finna nokkrar skýringar á fækkuninni þótt fleira þurfi líklega að koma til.

„Þegar hverfin voru að byggjast upp hjá okkur í kringum 2005 flutti margt ungt fólk með börn í sveitarfélagið. Þá varð samsetning töluvert óvenjuleg miðað við önnur sveitarfélög, enda fjölgaði börnum hratt. Börnin eru nú orðin eldri og aldurssamsetning íbúa er því að færast í eðlilegra horf samanborið við önnur sveitarfélög,“ segir Petra.

Aldur barnanna helst í hendur við fækkun nemenda við grunnskóla bæjarins og telur Petra að mögulega líði íþróttastarfið fyrir það að uppveiflan hafi jafnað sig.

„Það koma auðvitað hæðir og lægðir í starfinu og hefur það sést gegnum árin og mögulega var það tímaspursmál hvenær iðkendum færi að fækka. En maður vill síst að það þróist svona fljótt og barnastarfið brotlendi. Ég vil frekar að við grípum inn í þróunina og finnum leiðir til að sporna við brottfalli,“ heldur hún áfram.

Íþróttahúsið lekur

Til viðbótar við fækkun af svo að segja náttúrulegum ástæðum lak íþróttahúsið í Vogum með þeim afleiðingum að miklar vatnsskemmdir urðu á gólfi hússins og óvíst er hver staðan er á því.

„Við óttumst að staða íþróttahússins yti krökkunum til annarra félaga, sérstaklega stelpunum sem stunda knattspyrnu. Við erum svo fá að þær ná ekki í lið. Krakkarnir vilja auðvitað keppa og leita skiljanlega annað. Þær hafa því margar verið með annan fótinn í öðrum félögum og þrýst á vinkonur sínar að koma yfir. Þær fara aðallega til Njarðvíkur og mögulega einhverjar í Hafnarfjörðinn. Nú þegar við höfum engan íþróttasal fyrir þær eykst hættan á því að þær fari nánast allar yfir til annarra félaga,“ heldur Petra áfram og rifjar upp að mjög vel hafi gengið í gegnum tíðina að kynna íþróttastarfið þegar þjálfarar félagsins heimsóttu nemendur í skóla. Það hafi fallið niður í Covid-faraldrinum. Í staðinn hafi forsvarsfólk Próttar auglýst á heimasíðu og samfélagsmiðlum auk þess að hafa fengið að senda upplýsingar gegnum skóla á alla foreldra. Það hafi ekki tekist jafn vel.

Sú breyting varð þó á íþróttamáli í Vogum um mánaðamótin að



Petra Ruth Rúnarsdóttir.

Próttur tók yfir rekstur íþróttahússins af sveitarfélaginu. Petra sér sóknarfæri í því og er undirbúningur fyrir skipulag barnastarfs fyrir næsta haust hafinn.

„Með því að reka húsið getum við haldið betur utan um krakkana. Þá getum við nýtt tíma sem ekki er verið að selja í og boðið upp á skotbolta, pilukast og fleira sem höfðar til krakkanna,“ segir hún og telur að íbúum Voga muni fjölga á næstu fimm árum.

„Ég bind vonir við að barnafólk flytji hingað. Það er mikil uppbygging í gangi. Þegar fólk kemur vil ég að við verðum búin að byggja sterkan grunn í íþróttahúsinu og verðum tilbúin að taka á móti þeim. Það á að vera hjarta bæjarins og að öðru heimili fyrir börnin, sem leiki sér hér. Við erum stolt af því að vera ungmennafélag og getum nýtt okkur það. Við höfum tækifæri þar til að bjóða upp á fjölbreytt félagsstarf eins og leiklist, spilakvöld fyrir fjölskyldur, börn og eldri borgara og margt fleira. Félagið á að höfða til allra. Félagið á að endurspeglar áhugamál sem flestra félagsmanna en ekki fárra og sjáum við tækifæri í að gera það enn betur með því að reka nú íþróttahúsið,“ segir Petra Ruth, formaður Próttar Vogum.

Breyta fyrir- komulagi íþróttar yngstu barna

Fyrir eitt verð geta börn prófað og æft margar íþróttagreinar.

Íþróttafélagið Höttur á Egilsstöðum áformar að taka upp nýtt fyrirkomulag í æfingum barna í fyrsta og öðrum bekk. Börnin þurfa ekki að velja á milli íþróttagreina heldur mega þau prófa allt sem í boði er. Þetta er talið geta

seinkað framförum barnanna í íþróttum fyrst um sinn en dregið líka úr líkum á að þau hætti í íþróttum. Svipað fyrirkomulag er hjá Íþróttafélagi Reykjavíkur (ÍR) sem býður öllum börnum á fyrsta og öðru ári grunnskóla að iðka allt að sex íþróttagreinar fyrir eitt verð. Með því móti fá þau tækifæri til að kynna og prófa margar íþróttagreinar. Þau mega jafnframt færa sig á milli greina eins og þeim hentar. Í boði eru keila, kórufbolti, knattspyrna, handbolti, skíði, frjálssar, karate og taekwondo.



Sveinn Þorgeirsson.

Sveinn Þorgeirsson, aðjúnktur við Íþróttafraeðisvið Háskólans í Reykjavík, vinnur með Íþróttafélaginu að nýja fyrirkomulaginu. Í því felst að foreldrar borga aðeins eitt gjald. Það gefur barni þeirra kost á að æfa hvaða grein sem er. Æfingum er fækkað og æfingátími samstilltur.

„Til lengri tíma ætti ávinningurinn helst að vera sá að það yrði betri ástundun og minna brottfall til lengri tíma. Fjölbreyttur grunnur þar sem krakkarnir þróa með sér fjölbreyttari og betri grunnfærni. Og það er ekki fyrr en við komum inn á kynþroskaaldurinn sem við sjáum hvaða líkamsburði einstaklingarnir hafa. Hvar þeir muni finna sig ekki bara líkamlega heldur líka andlega,“ sagði Sveinn í viðtali við RÚV.

Hver er staðan hjá þér?

Eru vísbendingar um að börn og ungmenni séu að hætta íþróttaiðkun á þínu sambandssvæði eða í félaginu þínu? Eða er þróunin kannski önnur og iðkendum að fjölga? Hver ætli ástæðan sé? Við viljum heyra sögurnar. Þú getur sent okkur tölvupóst á umfi@umfi.is með helstu upplýsingum og við höfum samband.

Hvernig sköpum við gott umhverfi fyrir börn innan íþróttafélaga?

Fimmán ár eru síðan Norðmenn settu lög um réttindi barna í íþróttum. Síðan hafa íþróttahéröð og félög unnið að innleiðingu reglnanna. Sektað er fyrir brot.

Norsku lögini voru sett árið 2007 og byggja á barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, en þau gilda fyrir börn upp að tólf ára aldri. Samkvæmt þeim ber norskum íþróttafélögum sem bjóða upp á æfingar fyrir þennan aldurshóp að vera með sérstakan tengilið sem ber ábyrgð á aldurshópnum og miðlar upplýsingum um lög þannig að allir séu meðvitaðir um þau. Að auki eru allir sem þjálfva börn yngri en 15 ára skyldaðir til að afhenda sakavottorð.

Sambærileg lög tóku gildi í Svíþjóð í fyrra, en þau ná yfir börn upp að 18 ára aldri. „Ástæða þess að við miðum við 12 ára aldurinn er að eftir það aukast æfingar og sérhæfing,“ sagði Hanne-Kristin Kvarme, þróunarstjóri hjá Viken, í heimsókn UMFÍ þangað.

Vináttan og gleðin mikilvægust

Lögini taka á þáttum eins og öryggi barna, frelsi þeirra til að velja og að bæði æfingar og keppni séu á forsendum barnanna þannig að þau hafi ánægju af. „Vináttan og gleðin eru oft eina ástæða þess að börn æfa íþróttir. Við tryggjum áhrif þeirra með því að spyrja hvað þeim finnst gaman. Við gefum þeim líka frelsi til að velja hve oft þau vilja mæta. Sum félög eða íþróttir gera kröfu um mætingar á allar æfingar en það heldur ekki,“ sagði Hanne-Kristin og bætti við að ánægjan í barnæsku væri forsenda afreka Norðmanna á íþróttasviðinu. Áhersla væri líka á að foreldrum væri frjálst að mæta og fylgjast með æfingum, sum félög hefðu reynt að banna það en það leiddi til brottfalls.

Meðal annars eru reglur um hve langt börn mega ferðast til að taka þátt í keppnum. Börn yngri en sex ára eiga að keppa innan eigin félags, níu ára innan eigin héraðssambands en við 11 ára aldur mega þau byrja að keppa á landsvísu. Er það skiljanlegt því Noregur er stórt land, frægt er að loftlínan frá Tromsø í norðri til höfuðborgarinnar Óslóar er jafn löng og frá Ósló til Rómur. Bæði foreldrar og félög fá sektir séu lögini brotin. „Þetta er til að vernda barnið,“ sagði Hanne-Kristin. Eins er reynt að búa til viðburði fyrir þá einstaklinga sem vilja ekki lengur keppa en finnst gaman að stunda íþróttir og hreyfa sig.

Allar íþróttir

Norska íþróttasambandið hefur þróað verkefni sem kallast „Allidrett“ (Allar íþróttir) og miðar að því að tryggja fjölbreytni í æfingum fyrir börn allt að 12 ára aldri. Hugmyndin er að börnin geti innan sama félags prófað mismunandi íþróttagreinir við ólíkar aðstæður til að finna út hvað þeim henti best. Hanne-Kristin sagði þetta njóta mikilla vinsælda, einnig meðal táninga, sem þyki þó meira töff að verkefnið heiti „multi-sport“ (fjölsport).



Meðal afurða stefnumótunarinnar í Geilo voru hettupeysur fyrir félagið. Ungmennin fengu að ráða útliti þeirra, en á þær voru prentuð gildi og slagorð félagsins. Það fór ekki vel í alla þá fullorönu en peysurnar urðu fjótt gríðarvinsælar í bænum.

Hún sagði oft sjálfbóðaliða halda utan um æfingarnar fyrir yngstu börnin. Þeir væru ekki mikið lærðir en reyndu sitt besta. Til að mæta því hefði Viken þróað nokkur mismunandi stutt námskeið fyrir slíka þjálfara. Það stysta, en jafnframt það vinsælasta, er ein og hálf klukkustund, ætlað byrjendum í þjálfurum og tekið á netinu. Í Noregi er haldið utan um menntun þjálfara með gagnagrunni á landsvísu.

Hjálpa félögum

Þá er vaxandi áhersla hjá Viken á stuðning við íþróttafélög, en hjá sambandinu eru sex starfsmenn sem heimsækja félög og aðstoða þau við þróunarvinnu. Er þar meðal annars aðstoðað við lagatúlkningar og samskipti milli einstaklinga.

Hanne-Kristin nefndi sérstaklega dæmi um aðstoð við íþróttafélagið í Geilo, sem hefði óvænt beðið um aðstoð, því það hefði verið talið fyrirmyndarfélag með níu íþróttagreinir og 1.600 félaga. Aðalstjórnin sagði hins vegar deildinar vilja fara í ólíkar áttir. Íþróttahéraðið veitti aðstoð við stefnumótun til að tryggja að allir færu í sömu átt.



„Bull að segja að íþróttir séu ekki pólitískar“

Íþróttir geta oft verið lausnin að vandamálum sem stjórn málin eru að glíma við. Forystufólk íþróttahreyfingarinnar verður að vera óhrætt við að koma því á framfæri og eiga gott samtal við stjórn málafólk.

„Allt getur orðið pólitískt – og er það. Það er bull að segja að íþróttir séu ekki pólitísk – þótt þær séu ekki flokkspólitískar. Ef við þurfum hjálp frá stjórn málanum til að koma hlutunum til leiðar verða þeir pólitískir. Við viljum bæta aðstöðuna okkar til að efla starfið eða skapa gott umhverfi fyrir iðkendur og sjálfbóðaliða. Þess vegna þurfum við að vera góð í því. Við gerum það með því að upplýsa stjórn málafólk um ágóða íþróttar,“ segir Johan Conradson, yfirlýðingjafi hjá Viken.

„Leyndarmálið að baki árangrinum er mikil vinna. Við förum og hittum stjórn málafólkið okkar einu sinni til tvisvar á ári. Við skoðum stefnu flokkanna í sveitarstjórnunum þannig að við vitum innan hvaða ramma þeir vilja vinna og bjóðum þeim lausnir sem samræmast stefnu þeirra. Við mætum ekki til að segja þeim fyrir verkum.“

Við viljum vera hluti af áformum ríkisstjórnarinnar og reynum sem oftast að bjóða fram íþróttir sem lausnir á vandamálum hennar. Ef stjórn málafólkið heyrir nógu oft minnst á íþróttir fer það að muna eftir þeim,“ segir Johan.

Vakta stöðu íþróttamannvirkja

Meðal þeirra hagsmunamála sem íþróttahéraðið hefur látið sig varða eru íþróttamannvirkja. Teknar eru saman upplýsingar um stöðu íþróttamannvirkja í sveitarfélögum og þær afhentar sveitarstjórnunum á hverjum stað, svokallaður „Kommuneindeks“.

Þegar orkuverð hækkaði síðasta haust var fyrirséð að snjóframleiðsla yrði kostnaðarsöm, sem kæmi niður á skíðafélögum. Ráðist var í herferð til að kynna stöðuna, meðal annars í fjölmiðlum, sem skilaði sérstakri fjárveitingu frá ríkinu til að mæta vandanum.

Johan nefndi einnig að mörg sveitarfélög vildu fjarlægja gúmmí úr gervigrasvöllum, neituðu jafnvel fjárveitingum væri það ekki gert. Það hefur hins vegar í för með sér að iðkendur geta hlotið alvarlegan brunaskaða af því að renna á vellinum. Þeim upplýsingum hefur Viken haldið á lofti.

Annaðhvort vinna allir eða enginn

Johan kom inn á norskar rannsóknir sem sýndu að skipulagt íþróttastarf eflaði félagsauð (e. social capital), það er tengingar milli fólks sem styrkja samfélög og hjálpa til í heilsuefingu. „Við viljum prófa gott nærsamfélag. Við viljum að fólk upplifi að það sé virkt í hreyfingu og rannsóknir okkar sýna að það er auðveldara ef fólk hefur tekið þátt í skipulegu starfi.“

Í samtalinu við stjórn málin er það þannig að enginn vinnur nema allir vinni. Þess vegna verðum við að finna leið til að vinna saman, hvernig við getum verið lausnin. Ef við óskrum bara af hliðarlínunni hlustar enginn á okkur og ef við fáum stjórn málin ekki með okkur í lið tapa allir.“

Johan Conradson var aðalgestgjafi hóps UMFÍ í Viken.

Dæmi um einkunnagjöf fyrir íþróttaaðstöðu hjá sveitarfélögum.

Sjálfbóðaliðastarfið ekki að deyja út

Þátttaka í sjálfbóðaliðastarfi var meðal þess sem Johan ræddi við íslenska hópin. Rifjaði hann upp fræga setningu um að full-orðna fólkkið væri svo upptekið við eigið félagslíf að börnin væru í reiðuleysi. Sú setning er frá sjötta áratugnum.

„Tilfinningin um að sjálfbóðaliðastarf sé að deyja út er alltaf til staðar. Hluti vandamálsins er að sjálfbóðaliðasamtök ætla sér að breyta heiminum á stuttum tíma, sem er ekki raunhæft. Við verðum að beina sjónum okkar frá því ómögulega yfir á það sem við getum raunverulega gert.“

Norsku sjálfbóðaliðasamtökin (Frivillighet Norge) fá alltaf fleiri sjálfbóðaliða. Það er fullt af fólkum sem vill leggja lið. Ekkert veitir fólkum jafn mikla ánægju og að hjálpa öðrum. En ef þú spyrð bara þá sem eru þegar virkir í félaginu færðu nei því þeir eru þegar uppteknir.“



Um 40 manna hópur frá UMFÍ og aðildarfélögum af öllu landinu heim sótti fulltrúa íþróttahéraðsins Viken í Osló í Noregi í mars. Norsku íþróttahéruðin eru ellefu talsins, jafn mörg og fylkin í landinu. Viken er það fjölmennasta, þar eru 1,2 milljón íbúar og myndar það kraga utan um Oslóborg. Íslenski hópurinn fékk kynningu á héraðssambandinu

sjálfu og starfsemi þess, einkum hvað varðar börn í íþróttastarfinu. Var meðal annars farið yfir áhrif norskra laga um réttindi barna í íþróttum og hvernig þeim er framfylgt. Hluti ferðalanganna sótti jafnframt ráðstefnu á vegum Viken um íþróttamannvirkja.

Gamla myndin: Landsmótið á Húsavík 1987

19. Landsmót UMFÍ var haldið á Húsavík dagana 10.–12. júlí 1987. Talið er að um 1.700 manns hafi sótt mótið. Keppt var í mörgum skemmtilegum íþróttum og voru starfsíþróttir á meðal þeirra. Starfsíþróttir skiptast í nokkrar íþróttir sem þykja óhefðbundnar í dag og eru meðal þeirra jurtagreining, dráttarvélaakstur, að leggja á borð og línubeiting. Starfslistin línubeiting átti mjög undir högg að sækja á tímum vélvæðingar.

Keppni í línubeitingu felst í því að beita línu. Beita skal 100 öngla úr stokk og öngla-stæðin eiga að vera nr. 6 eða 7. Keppnis-aðstaðan skal vera sem líkust venjulegum beitingaskúr en keppnin getur farið fram hvort sem er úti eða inni. Hver keppandi dregur um vinnupláss og fær 110 bita af beitu.

Þegar keppt var í línubeitingu var skoðað hvernig fólk bar sig við beitinguna, hraðinn var mældur, hvernig fólk lagði í balann og hvernig línan gekk upp úr balanum. Þriggja manna dómnefnd dæmdi keppnina og gaf stig. Hæst var hægt að fá 20 stig fyrir hvernig beitu var krækt á öngulinn, 20 stig fyrir niður-



lagningu á línu, 20 stig fyrir vinnulag, 40 stig fyrir tímenn sem fór í verkð, 25 stig fyrir greiða

lagningu línu og 25 stig fyrir festingu beitunnar á öngul.

Takk fyrir stuðninginn

Aðalvík ehf.
Akrahreppur
Alark arkitektar ehf.
Alm Verðbréf hf.
Alþrif ehf.
AMP ehf.
Arta lögmenn
ASK arkitektar
Auðhumla sf.

Álfurinn sportbar
Ásbjörn Ólafsson ehf.
ÁTVR

Basti ehf.
Baugsbót
Bilakallinn ehf.
Bílar og tjón
Bilasmíðurinn ehf.
Bilaverkstæðið Bragginn
Biliðjan ehf.
BK Kjúklingur
Bláskógabyggð
Blikkrás
Blikksmiðjan Vík
Blómasetrið
Bókráð
Bólungarvíkurkaupstaður
Brunahönnun slf.

D.S. lausnir
Dagsverk

Dignus ehf.
DMM lausnir ehf.
Dyknur ehf.

Egersund Ísland
Einhamar Seafood ehf.
Einingaverksmiðjan
Eldhestar ehf.
Endurskoðun Vestfjarða
Enor ehf.
ESG veitingar
Esju einingur
Eyja- og Miklaholts-
hreppur
Eyjafjarðarsveit

F&F kort ehf.
Fagverk ehf.
Fasteignasalan Gimli
Faxaflóahafnir
Félag skipstjórnarmanna
Ferðapjónustan
Stóru Mörk
Fjarðarlagnir ehf.
Fjarðarþrif ehf.
Fjarðaveitingar ehf.
Flóahreppur
Fögrusteinar
Fossvélar ehf.
Fyllinn ehf.

Gaflaraleikhúsið

Galleri Ozone
Geirabakarí
Geislataekni ehf.
Gilbert úrsmiður
Gjögur ehf.
Goddi ehf.
Grindavíkurbær
Grisinn ehf.
Gröfutaekni ehf.
Grýtabakkahreppur

Hárstofa Sigríðar
Héraðsprent
Höfðakaffi ehf.
Hrunamannahreppur
Hvalur hf.
Hvammur
Eignamiðlun ehf.
Innlífun ehf.

Ís og ævintýri ehf.
Ísblikk
Ísfélag Vestmannaeyja
Ísfrost ehf.
Íþróttamiðstöðin
Fjallabyggð

Jarðmenn ehf.
Járnsmiðja Óðins
Jónar Transport ehf.

Kjósarhreppur

KK kranabill
Kom ehf.
Kone.com
Krappi ehf.

Lagsmaður ehf.
Landssamband
Lögreglumanna
Loðnuvinnslan hf.
Loftleiðir Icelandic
Malbikunarstöðin
Hlaðbær Colas
Máni verktakar
Menntaskólinn
að Laugarvatni
Mosfellsbakarí
Músík og sporr ehf.
Mýrdalshreppur

Nonni Gull

Ósal

Prógramm
Pylsvagninn Selfossi

Ráðgjöf og lausnir ehf.
Ræktunarsamband
Flóa og Skeiða
Rafey ehf.
Rafeyri ehf.

Raftöni ehf.
Reykholahreppur
Reykjavík
Rjómabúíð Erpsstaðir
RJR ehf.

S. Guðmundsson
S.I.H. pípuagnir
Sæplast ehf.
Samhentir Umbúðalausnir
Samtök starfsmanna
fjármálafyrirtækja
Sendibílar Reykjavíkur
SG Hús

Sigurgeir G Jóhannesson
Síldarvinnslan
Síma- og tölvulagnir ehf.
Sjúkrahúsið á Akureyri
Skagafjarðarveitur
Skólamaður ehf.
Skólphreinsun Ásgeirs
Skorri ehf.
Skotveiðifélag Reykjavíkur
Skrifstofupjónusta
Austurlands
Sólskógar ehf.
SS gólf ehf.
Steinnill ehf.
Stjórnendafélag
Austurlands
Strendingur ehf.
Súðavíkurhreppur

Sveitarfélagið Múlaþing
Sveitarfélagið Ölfus

Tálknafjarðarhreppur
Tansinn ehf.
TGT hús ehf.
ThorShip
Tjörneshreppur
Tölvu- og verkfræði-
þjónustan
Trésmiðjan Rein
Trévangur
Túnþökuþjónustan

Útfararstofa Reykjavíkur

Vatnsvirkinn
Vegamót Bíldudal
Veitingastaðurinn Húsið
Vélsmiðja Suðurlands
Verkfræðistofa Suðurnesja
Verkhönnun ehf.
Verslunin Álfheimar
Vestmannaeyjabær
Víkúros
VR
Wise lausnir
P.S. verktakar
Þjónustustofan ehf.

Ökuland ehf.
Öryggisgirðingar



SNÆFELLSBÆR
Par sem jókulinn ber við loft...

Eiríkur J Ingólfsson ehf
Sölbakka 8
310 Borgarnesi



Getur þú hugsað þér daglegt líf án rafmagns?



Í tæknivæddu samfélagi nútímans er erfitt að hugsa sér daglegt líf án rafmagns, svo samofið er það öllu sem við tökum okkur fyrir hendur. RARIK rekur umfangsmesta rafdreifikerfi á Íslandi sem nær til 90% af sveitum landsins og til 44 þéttbýliskjarna. Lengd dreifikerfisins er rúmlega 9.000 km og þar af eru 72% jarðstrengir.

www.rarik.is

 **RARIK**



Hvað á að gera við gamla bikara?

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

Erla Þórey hjá USVS hefur í vor staðið í flutningum. Hún situr uppi með nokkra kassa af gömlum rykföllnum bikurum sem enginn veit hvað á að gera við og enginn vil henda.

Við þekkjum mörg vandræðaganginn með gamla bikara. Þeir eru alls konar, stórir og smáir, á þá fellur og þeir eiga það til að daga uppi á hillum og í skápum, í pappakössum í geymslum félaga víða um land og jafnvel inni í bílskúr gamalla iðkenda. Ekki hefur tíðkast að henda gömlum djásnum af þessu tagi.

Þetta er ekki einsdæmi. **Erla Þórey Ólafsdóttir**, framkvæmdastjóri Ungmennasambands Vestur-Skaftafellssýslu (USVS), er einmitt í þessum sporum.

„Við erum á milli húsa og erum í vandræðum með alla bikarana. Þetta eru nokkrir kassar hér með bikara af öllum stærðum og gerðum. Við höfum flutt nokkrum sinnum og nú þarf ég að flytja þessa blessuðu bikara enn einu sinni. Við höfum aldrei tekið umræðuna um hvað skuli gera við þá,“ segir hún.

Skrifstofa USVS hefur síðastliðið árið verið til húsa í Kirkjubæjarstofu. Nú er hún að flytja og þarf að færa alla munina annað. Þar á meðal eru nokkrir kassar með bikurum frá ýmsum tímum í sögu USVS og íþróttasögu Skaftafellinga.

Bikarnir sem eru frá mörgum mótum eru sumir komnir vel til ára sinna. Í reglugerð um verðlaunagripum USVS, sem samþykkt var á ársþingi USVS 2019, segir meðal annars að aðildarfélögin séu hvött til að hafa gripina til sýnis á áberandi stað bæði til kynningar og hvatningar. Stjórn USVS skuli halda skrá um alla verðlaunagripum sem í gangi eru hverju sinni og hverjir eru handhafar þeirra. Reglugerðin nær til allra bikara, en þó einkum farandbikara. En svo eru þeir sem afhentir voru fyrir mörgum árum og hafa almennt litla merkingu í samtímanum.

„Sumir eru frá um 1970 frá alls konar viðburðum, hafa verið afhentir á stigamótum, héraðsmótum og við ýms tækifæri. Við erum auðvitað með stóru bikarana, farandbikara sem íþróttafólk ársins fær og fyrir ýmsa aðra viðburði. Þeir hafa alltaf verið til sýnis í íþróttahúsinu. En all nokkrir eru fyrir minni viðburði og hafa jafnvel verið afhentir í greinum sem enginn keppir hér lengur í. Við höfum heldur aldrei sýnt þá opinberlega, að því er ég best veit,“ segir hún.

Erla velti því fyrir sér að henda bikurunum en var snarlega bent á að það tíðkaðist ekki, bikarar hefðu afar mikið tilfinningalegt gildi fyrir ýmsa félagsmenn og ekki væri vel séð að sjá slíka gripi í ruslinu.

Enginn hefur skoðað bikarana enn sem komið er og metið mikilvægi þeirra fyrir sögu USVS. Erla þekkir ekki mikilvægi þeirra heldur, né neinn í hennar umhverfi.

Erla segir hafa dregið úr afhendingu bikara fyrir eins marga viðburði og tíðkaðist áður.

„Það voru afhentir bikarar við ýms tækifæri. Við höfum afhent bikara við allt of mörg tilefni. En ég held að þessi hugsun sé að hætta enda orðið léttvægt að fá bikar fyrir skammvinna viðburði og stutt mót. Við verðum líka að gera það því hætt er við að við sitjum uppi með gamla bikara sem taka pláss, safna ryki og enginn veit hvað á að gera við,“ segir Erla.

USVS í hnotskurn



Sambandssvæðið nær yfir Vestur-Skaftafellssýslu, þ.e. Mýrdalshrepp og Skaftárhrepp, frá Jökulsá á Sólheimasandi í vestri, austur á Skeiðarársand. Þéttbýlisstaðir eru Vík í Mýrdal og Kirkjubæjarklaustur.

Aðildarfélög USVS eru:

Hestamannafélagið Kópur
Hestamannafélagið Sindri
Ungmennafélagið Ármann
Ungmennafélagið Katla
Ungmennafélagið Skafti

Hvað er gert við gamla bikara hjá ykkar félögum?

Okkur langar til að heyra í ykkur. Hafið samband við þjónustumiðstöð UMFÍ í síma 568 2929 eða sendið skeyti á umfi@umfi.is og segið okkur frá því hvað þið gerið við gamla bikara. Þið getið líka sent okkur skeyti á Facebook-síðu UMFÍ.

UPPLIFÐU NÝ ÆVINTÝRI Á REYKJANESI



reykjanesgeopark.is — visitreykjanes.is



United Nations
Educational, Scientific and
Cultural Organization



Reykjanes
UNESCO
Global Geopark

lindex.is



LINDEX